



Skýrsla

– unnið fyrir Félag háskólakennara (Fh) –

um athugun á kostum og göllum

*frá sjónarhóli Fh „og annarra hagsmunaaðila
sem máli skipta*

við skipulagsbreytingar á félaginu

og eftir atvikum öðrum stéttarfélögum

háskólamenntaðra starfsmanna

við Háskóla Íslands

og tengdar stofnanir og eftir atvikum

við aðra ríkisháskóla“

Gísli Tryggvason lögmaður og MBA-HRM

Reykjavík, hinn 7. janúar 2019

Efnisyfirlit

ÚTDRÁTTUR.....	I-2
I. INNGANGUR	I-2
II. HEIMILDIR.....	II-4
III. ATHUGUNAREFNI	III-4
IV. FÉLAGSLEGAR FORSENDUR	IV-6
A. UM FERLI OG AÐFERÐARFRÆÐI VARÐANDI FÉLAGSLEGAR FORSENDUR	IV-6
1. Aðferðafræði	IV-6
2. „Skemmri skírn“!	IV-6
3. Hví ekki einföld sameining háskólakennara eða starfsmanna með akademískt hæfi?	IV-7
4. Niðurstaða um nálgun – að bera saman óbreytt ástand og deildaskipt félag.....	IV-8
5. Valkostir á skipan stéttarféлага starfsmanna háskólastofnana með háskólapróf.....	IV-8
6. Bein tillaga eða fyrst og fremst greining röksemda með og á móti?.....	IV-9
7. Sjónarhóll við mat á kostum og göllum hugsanlegra skipulagsbreytinga	IV-9
8. Fleiri hagsmunaaðilar „sem máli skipta“?	IV-10
9. Lýsingarorð og röð hagsmunaaðila.....	IV-10
10. Eru stundakennarar vandamál?.....	IV-11
B. EFNISKAFLAR VARÐANDI FÉLAGSLEGAR FORSENDUR	IV-12
1. Meginfjöldatölur starfsmanna sem verkefnið lýtur að.....	IV-12
2. Hversu lítið stéttarfélag er starfhæft annars vegar og hins vegar lífvænlegt?.....	IV-13
3. Togstreita.....	IV-14
4. Þýðing sjóða fyrir greininguna	IV-15
5. Hæfissjónarmið.....	IV-15
6. Rök með og á móti skipulagsbreytingum frá sjónarhóli mismunandi hagsmunaaðila.....	IV-15
7. Tillaga skýrsluhöfundar:.....	IV-19
8. Frekari rök með deildaskiptu stéttarfélagi	IV-20
9. Rök gegn deildaskiptu stéttarfélagi	IV-22
10. Svör við spurningum verkbeiðanda (Fh) um félagsleg álitamál.....	IV-23
V. LAGALEGAR FORSENDUR.....	V-23
A. Almenn	V-23
B. Svör við spurningum verkbeiðanda (Fh).....	V-24
C. Ígildi niðurlagningar?	V-28

VI.	FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR.....	VI-28
VII.	NIÐURSTAÐA OG TILLÖGUR	VII-31
VIII.	LOKAORÐ	VIII-32
IX.	Viðauki: HELSTU HEIMILDIR, MUNNLEGAR OG SKRIFLEGAR	
X.	Viðauki: BREYTINGAR FRÁ SJÓNARHÓLI MISMUNANDI HAGSMUNAAÐILA	

“Auðvitað ferðu, [...], en hvert ferðu?”

ÚTDRÁTTUR

Eiga lektorar og dósentar að sameinast prófessorum í einu stéttarfélagi?

Nei.

Sameining prófessora við lektora og dósentar er *félagspólitískt* ekki góður kostur (sjá kafla IV, frá og með bls. 6). Auk þess er a.m.k. líklegt að slík skipulagsbreyting myndi *lagalega* stefna í voða samningsrétti Félags háskólakennara (Fh) og þar með tilvist þess sem stéttarfélags (sjá kafla V, bls. 24-28). Loks er sú skipulagsbreyting *fjárhagslega* líklega ekki góður kostur þar sem lektorar og dósentar fengju samkvæmt dómafordæmum að öllum líkindum engan heimanmund með sér við úrsögnina (sjá kafla VI, bls. 29-30).

Fallist stjórn Fh á rökstuddar niðurstöður í skýrslunni er lagt til að Fh kynni sem langstærsta og elsta stéttarfélag háskólamenntaðra starfsmanna háskólastofnana, greininguna fyrir þartilgreindum hagsmunaaðilum (sjá kafla VII, bls. 31). Að því búnu er að uppfylltum skilyrðum lagt til að Fh ákveði 2019-2020 að óska eftir *óformlegum* viðræðum við hlutaðeigandi félögiltæka möguleika á skipulagsbreytingum og, eftir atvikum, í kjölfarið *formlegum* viðræðum um að stofna deildaskipt stéttarfélag háskólamenntaðra starfsmanna háskólastofnana (sjá nánar kafla IV, B 7, bls. 19-20); þrátt fyrir fyrirfram efasemdir og jafnvel andstöðu margra lykilviðmælenda – úr báðum áttum – við slíka deildaskiptingu er vikið að þeim valkosti – þó í skemmra máli en í drögum – þar sem skipulagsheildir eru til fyrir félagsmenn sína og markmiðin en ekki sjálfra sín vegna.

I. INNGANGUR

„...einu rökin með óbreyttu ástandi eru þau að stjórnsýslufólkið hefur hagsmuni af því að vera í stærra félagi – ekki endilega þessu.”

Ályktunin í lok ummæla viðmælenda skýrsluhöfundar minnir á orð Jónasar frá Hriflu, þegar hann var ráðherra menntamála og svaraði skólameistara Menntaskólans á Akureyri, Sigurði Guðmundssyni, er sá sagði að hitt og þetta þyrfti að lagfæra – annars væri hann farinn:¹

„Auðvitað ferðu, Sigurður, en hvert ferðu?”

Gagnorða fullyrðingu viðmælandans má til sanns vegar færa

- svo fremi sem *rúm skilgreining* á hópnum „akademískir starfsmenn” yrði fyrir valinu og
- með þeim fyrirvara einnig að *þröng nálgun* á hagsmuni „efri stétta” háskólamenntaðs starfsfólks háskólastofnana og jafnvel aðeins Háskóla Íslands (HÍ) og stofnana hans séu talin viðfangsefnið – en ekki t.d. vaxandi hópur rannsóknarfólks (um 240) sem nú er hátt í ¼ félagsmanna Félags háskólakennara (Fh).

Auk fyrirvara við undirtektir við upphafsfullyrðinguna eru „einu rökin” dálítið sterk. Ekki hefur fengist eða fundist *gott* svar við spurningum skýrsluhöfundar til margra viðmælanda:

„Í hvaða stéttarfélagi ættu aðrir en akademískir starfsmenn háskólastofnana að vera ef akademískir starfsmenn sameinuðust prófessorum?“

Algengt svar við spurningunni í þeim tilvikum sem viðmælendur höfðu hugleitt hana er að þeir eigi að vera í hlutaðeigandi fagstéttarfélögum, t.d. Kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga (KVH). Verður vikið nánar að því hér á eftir í kafla IV B, 6, hvort sá valkostur er góður fyrir mismunandi hagsmunaaðila. Að mati skýrsluhöfundar er ekki vænlegt til framtíðarárangurs við skipulag stéttarfélaga háskólamenntaðs starfsfólks íslenskra ríkisháskóla og tengdra stofnana – og þar með fyrir háskólastarfsemi í landinu til lengri tíma – að horfa svo þröngt á álitaeefnið að ekki skipti meginmáli í hvaða – og hversu lífvænlegu – stéttarfélagi 3-700 háskólamenntað starfsfólk háskólastofnana *í fullu starfi eða aðalstarfi* verði framvegis. Annað mál væri ef upplýst ákvörðun yrði tekin í sátt um skipulagsbreytingar sem væru til þess fallnar að taka tillit til hagsmuna allra helstu hagsmunahópa.

Af þessum ástæðum – sem af hálfu skýrsluhöfundar voru fyrirséðar – var viðfangsefnið strax í öndverðu, sbr. kafla III, skilgreint rýmra en í upphafi af Fh, þ.e. rýmra en sem hugsanleg sameining akademískra starfsmanna innan Fh við Félag prófessora við ríkisháskóla (FPR). M.ö.o. var lagt til og fallist á af hálfu Fh² að gerð yrði athugun á kostum og göllum frá sjónarhóli Fh

„og annarra hagsmunaaðila sem máli skipta við skipulagsbreytingar á félaginu og eftir atvikum öðrum stéttarfélögum háskólamenntaðra starfsmanna við Háskóla Íslands og tengdar stofnanir og eftir atvikum við aðra ríkisháskóla (drög rannsóknarspurningar)”.

Af mörgum reyndum viðmælendum voru nokkrir sem höfðu reynslu beggja vegna borðsins. Einn þeirra taldi að starfsfólk stjórnsýslu háskólans átti sig æ betur á stoðhlutverki sínu – sem sé að styðja við akademíska starfsmenn. Meðal annars af þeim ástæðum væri ekki góð þróun að háskólaafólk í stjórnsýslu háskólastofnana væri í öðru félagi en akademískt starfsfólk enda hefðu þessir hópar fleiri *sameiginlega hagsmuni* en ólíka. Eins og að líkum lætur litar þessi afstaða nálgun í verkefninu enda þótt meiri eða minni samdrægni innan stofnunar feli ekki sjálfkrafa í sér rök fyrir veru í sama stéttarfélagi. Þetta matsatriði – hvort hagsmunir fari meira eða minna saman – skiptir meginmáli, þ.e. félagsmenn hafi svipaða hagsmuni. Viðmælandi með áratuga reynslu af stéttarfélagsmálum benti á að sjónarmið um *aðferðir* í kjara- og réttindabaráttu skipti einnig máli, þ.e. að hópar innan sama félags hafi svipuð sjónarmið um hvernig eigi að ná hagsmunum fram. Ekki sé t.a.m. vænlegt að stétt sem hefur ekki hefð fyrir að vera „herská” (t.d. hjúkrunarfræðingar) sé í varanlegu samfloti með hópi sem hefur haft meiri tilhneigingu til þess að boða til verkfalls (t.d. náttúrufræðingum).

„Slík samtök leysast upp.”

Greina þurfi hópa út frá hagsmunum; hvað myndi sundra? Hvað sundrar í dag?

Með vísan til framangreinds og ítarlegra röksemda af stéttarfélagspólitísku tagi er *hvorki lögð til einföld sameining prófessora og annarra akademískra starfsmanna né óbreytt ástand* – heldur er hér leitast við að greina kosti og galla við ýmsa möguleika; eins og síðar má lesa er greiningin einkum frá sjónarhóli félagslegra forsendna – fremur en lagalegra eða fjárhagslegra, sem koma í öðru og þriðja sæti en reyndust að lokum styðja við niðurstöðurnar út frá félagspólitískum forsendum en vegna umfangsins við félagslegar forsendur er minni áhersla á lagalega og einkum fjárhagslega þætti. *Lagt er til, sbr. kafla IV, B, 7, bls. 19-20, að undirbúið verði að stofna til deildaskipts stéttarfélags allra háskólamenntaðra starfsmanna ríkisháskóla og stofnana í tengslum við þá.* Vegna dræmra undirtekta á vinnslustigi við þessa tillögu er hún í endanlegri skýrslu höfð styttri en í drögum.

Ekki er síður mikilvæg fyrir úrlausnarefnið önnur meginspurning sem leitað er svara við í skýrslunni og var borin undir marga viðmælendur, t.d. þegar þeir lýstu margvíslegri gagnrýni á kjara- og réttindaákvæðanir háskólastjórnenda eða viðsemjenda og forystu félagsins við samningsborðið:

„Myndu vandamálin, sem lýst er, leysast – eða minnka – við annað skipulag - og þá hvaða skipulag?“

Algengt og nokkuð gott svar við þessari spurningu – sem um leið er góð mælistika á samanburð breytinga og óbreytts ástands – var að *auðveldara væri að taka á mörgum vandamálanna á einum vettvangi*; var þetta haft í huga við greiningu og tillögugerð.

II. HEIMILDIR

Gögn til grundvallar skýrslu þessari og munnlegar heimildir eru birtar í viðauka (IX).

III. ATHUGUNAREFNI

Athugunarefnið átti upphaflega að vera að kanna hvort tiltekin skipulagsbreyting væri fær en breyttist í að meta hvaða skipulagsbreytingar væru færar.

Athugunarefnið samkvæmt minnisblaði 2 er eftirfarandi:

„[A]thugun á lagalegum, fjárhagslegum og* félagslegum kostum og göllum frá sjónarhóli Félags háskólakennara (Fh) og annarra hagsmunaaðila sem máli skipta við skipulagsbreytingar á félaginu og eftir atvikum öðrum stéttarfélögum háskólamenntaðra starfsmanna við Háskóla Íslands og tengdar stofnanir og eftir atvikum við aðra ríkisháskóla (drög rannsóknarspurningar).“

Athugunarefni skýrslu þessarar er því, sem sagt, mun rýmra samkvæmt síðar tilkomnu minnisblaði 2 (GT) en samkvæmt minnisblaði 1 (HÁG) sem byggði á einfaldri sameiningu „akademískra starfsmanna“ við prófessora þar sem fyrirsögnin er eftirfarandi:

„[A]kademískir starfsmenn félagsins og möguleg sameining þeirra við Félag prófessora“

Spurningum í minnisblaði 1 varðandi félagsleg álitamál og lagaleg álitamál er engu að síður stuttlega svarað í lok hvors kafla IV og V varðandi þau atriði og að miklu leyti vísað til rökstuðnings í meginefni skýrslunnar samkvæmt minnisblaði 2. Eins og rakið er í lok kafla VI um fjárhagslegar forsendur tókst ekki að svara nema hluta þeirra spurningum – sem þó væru brýnar, ef til slíkrar „einfaldrar sameiningar“ kæmi; æskilegra er að mati skýrsluhöfundar að svara þeim í kjölfarið þegar fyrir liggur hvaða skipulagsbreytingar koma (helst) til álita og hverjar alls ekki.

Í eins konar fyrirvara með athugunarefninu í minnisblaði 2 segir í inngangi þess:

„* Ég hallast að því að atriðin sem nefnd eru í gagnlegu minnisblaði Fh (HÁG) undir “Fjármál” séu að mestu í raun hluti hinna lagalegu álitamála og að atriðin sem nefnd eru undir “Félagsleg álitamál” séu að miklu leyti forsenda fyrir lagalegum niðurstöðum á þessu sviði, þ.e. að álitamálin séu nokkuð samofin og verði tæplega aðskilin þótt fleiri aðilar geti vitaskuld komið að mati [á] þeim.”

Eins og fyrirséð var og staðfest í viðtölum strax í öndverðu veldur eftirfarandi félagspólitísk staða vandkvæðum við athugun á kostum og göllum skipulagsbreytinga:

1. Stærsti og hugsanlega sterkasti hagsmunahópurinn – *prófessorar* (um 350) – sem þó átti ekki aðild að verkefninu virðist að stórum hluta styðja einfalda sameiningu akademískra starfsmanna og prófessora, þ.e. að líkindum fremur þröngt afbrigði af þeirri leið sem gert er ráð fyrir í minnisblaði 1, sbr. svör a-f við spurningu 1 í kafla V um lagalegar forsendur.
2. Næst stærsti hagsmunahópurinn (og líklega fremur sterkur) – *lektorar og dósentar* innan HÍ (um 320) – sem átti óbeina aðild að verkefninu í gegnum fulltrúa í stjórn Fh hallast líklega að miklu leyti að einfaldri sameiningu akademískra starfsmanna og prófessora, þ.e. hugsanlega heldur rýmra afbrigði af þeirri leið sem gert er ráð fyrir í minnisblaði 1.
3. Þriðji stærsti hagsmunahópurinn – háskólafolk í *stjórnsýslu* HÍ og stofnana í tengslum við HÍ (nærri 300) – sem átti óbeina aðild að verkefninu í gegnum fulltrúa í stjórn Fh virðist að einhverju leyti vilja óbreytt ástand fremur en eitthvert afbrigði af þeirri leið sem gert er ráð fyrir í minnisblaði 1.
4. Fjórdi „hópurinn“ – margir og fremur misleitir minnihlutar utan og innan Fh – veit líklega minna en hinir hvað hann vill, getur og jafnvel þarf. Auk þess var helsti áherslumunurinn milli skýrsluhöfundar og fulltrúa Fh sem verkkaupa á vinnslutíma skýrslunnar hvort og einkum hve mikið ætti að fjalla um þessa minnihluta og fyrst og fremst stóran og misleitana hóp stundakennara; vegna þessa og vandkvæða við að afla áreiðanlegra gagna um stundakennara var dregið úr umfangi þeirrar umfjöllunar í stað þess að fella hana alveg brott. Það að stundakennarar eigi nú ekki aðild að Fh eða öðru stéttarfélagi er m.ö.o. að mati skýrsluhöfundar ekki ástæða til þess að fjalla ekki um þann hóp heldur vandamál í sjálfu sér eins og viðurkennt er af háskólasamfélaginu, sbr. heimildakafla í viðauka (IX).

Framangreind afstaða (1-4) markar verkefnið enda væri sú leið sem gert er ráð fyrir í minnisblaði 1 líklega til átaka fallin án þess að það eitt og sér útiloki að hún sé skoðuð; fremur er rökstutt að sú leið er óskynsamleg fyrir heildina þegar til lengri tíma er litið – og raunar fyrir Fh sem slíkt, sbr. kafla V, B. Af þeim sökum var sá möguleiki nefndur í upphafi og ræddur í kjölfarið við stjórn Fh sem verkkaupa að nálgast verkefnið að miklu leyti út frá mögulegri lausn einhvers konar deildaskiptingar, sbr. nánar um forsendur þess vals í kafla IV A hér næst að neðan og um afleiðingar þess vals í lengsta kaflanum, IV B, þar á eftir. Var sá valkostur ræddur við fjölda viðmælenda, einkum í síðari atrennu í febrúar-apríl 2018.

IV. FÉLAGSLEGAR FORSENDUR

A. UM FERLI OG AÐFERÐARFRÆÐI VARÐANDI FÉLAGSLEGAR FORSENDUR

1. Aðferðafræði

Við verkefnið er bæði notast við það sem í vísindastarfi væru nefnd *megindleg* gögn (að miklu leyti aflað eftir páska 2018) og það sem kalla mætti *eigindlegar* upplýsingar (að mestu aflað fyrir páska 2018) þó að ekki sé um félagsvísindalega rannsókn að ræða.

Við greininguna hefur skýrsluhöfundur – einkum í október-nóvember 2017 og febrúar-mars 2018 – hitt samtals á þriðja tug viðmælenda; sjá viðauka. Auk stjórnar Fh var einum viðmælenda (fyrirverandi formanni Fh) að ósk höfundar kynnt skýrslan í heild á rýnistigi samhliða. Ummæli og viðhorf eru í „hrágögnum” hjá skýrsluhöfundum í sérstöku skjali. Við greiningu á félagslegum kostum og göllum – er taldir voru meginatriði og forsendur hinna lagalegu þátta – er byggt á viðtölum án þess að einstakra viðmælenda sé getið, enda var ýmist undirskilið eða beinlínis um það rætt að ummæla og viðhorfa þeirra yrði ekki getið skriflega með nafni. Eftir fremsta megni er leitast við að draga fram *skipulagsleg* rök – af stéttarfélagslegu, hagsmunapólitísku, leikjafræðilegu, fjárhagslegu og stjórnunarlegu tagi – með og á móti skipulagsbreytingum en að forðast að fjalla um einstök kjara- eða réttindaleg álita- eða ágreiningsmál sem þó voru stærri þáttur í svörum og samtölum viðmælenda en fyrirfram var búist við. Til skýringar skal áréttað að skýrslan er ekki samin í því skyni að greina hugsanleg átök eða meint mistök í starfi og samningum Fh og eftir atvikum FPR eða FHA undanfarin ár eða leggja til úrbætur á því líkum álitamálum; það er fyrst og fremst hlutverk kjörinna fulltrúa hlutaðeigandi stéttarfélaga, eftir atvikum í samstarfi við viðsemjendur. Umræður um slíkt og skoðanir viðmælenda á slíkum álitamálum komu þó iðulega að gagni við úrlausn verkefnisins – einkum þegar skýrsluhöfundur spurði viðmælendur beint í kjölfarið hvort hugsanleg skipulagsbreyting – og þá hvers konar skipulagsbreyting – myndi draga úr líkum á að meint mistök endurtækju sig eða gera hlutaðeigandi aðilum auðveldrara fyrir að leysa vandamálið sem haldið var fram. Notast er við rökstudd svör við slíkum spurningum o.fl. í eftirfarandi greiningu, sjaldnast orðrétt þó.

Einnig er byggt á eigin ályktunum og reynslu skýrsluhöfundar. Leitast var við að láta koma fram hvort röksemd eða ályktun er komin frá viðmælenda eða undirrituðum.

2. „Skemmri skírn”!

Á fundi undirritaðs með stjórn Fh hinn 6. nóvember 2017 benti skýrsluhöfundur á að „skemmri skírn” við greiningu kæmi til greina *efljóst* lægi snemma í greiningarferlinu að prófessorar eða FPR vildu aðeins sameinast lektorum og dósentum, t.d. með inngöngu þeirra síðarnefndu í Félag *prófessora* við ríkisháskóla eins og mun hafa verið til (óraunhæfrar) umræðu fyrir um fimm árum. *Ekki* var talið að stefna ætti að slíkri skjótri neikvæðri niðurstöðu með útilokun skipulagsbreytinga „þegar af þeirri ástæðu” að prófessorar höfnuðu öðrum kostum en þeim sem vart kæmi til greina að mati undirritaðs – þ.e. að aðeins lektorar, dósentar og prófessorar sameinuðust.

Í fyrsta lagi varð niðurstaðan sú vegna þess að stjórn Fh óskaði eftir greiningu á kostum og göllum í því skyni að undirbúa lýðræðislegt ferli innan Fh – og eftir atvikum í kjölfarið innan stofnana hlutaðeigandi félaga – svo og samráð utan félaga og að lokum ákvörðun um hvort stefna ætti að breyttu skipulagi – og þá hvaða skipulagsbreytingu skyldi ráðast í.

Í öðru lagi var væntanlega talið ótímabært að stefna að „skemmri skírn” þar sem slík afstaða af hálfu prófessora eða FPR lægi ekki (formlega) fyrir; í þessu sambandi skal áréttað að rætt var við fulltrúa FPR o.fl. prófessora með sama hætti og aðra – en *ekki* þannig að skýrsluhöfundur hefði umboð til þess að kanna viðhorf (fulltrúa) prófessora með formlegum hætti.

Í þriðja lagi má nefna að þá þegar lá fyrir – og var rædd lítilliga á fundinum með stjórn Fh 6. nóvember 2017 – vinnukenning skýrsluhöfundar um að deildaskipting, sem nánar er vikið að hér að neðan, kæmi til greina sem vænleg niðurstaða hugsanlegra skipulagsbreytinga.

3. Hví ekki einföld sameining háskólakennara eða starfsmanna með akademískt hæfi?

Á fundi skýrsluhöfundar með stjórn Fh hinn 5. mars 2018 var auk umræðu um tímaramma verksins, seinkun greiningar, orsakir seinkunar, stöðu verksins og líkleg eða æskileg skil verkefnisins sérstaklega farið fram á að undirritaður rökstyddi í væntanlegri greinargerð hvers vegna *ekki* væri talinn nærtækur valkostur að eingöngu lektorar og dósentar – við HÍ og eftir atvikum lektorar og dósentar við aðra ríkisháskóla – sameinuðust prófessorum (á landsvísu) án frekari breytinga. Þess skal freistað hér á eftir, auk þess sem lunginn úr skýrslunni lýtur að því að slík sameining sé hæpin – bæði *félagspólitískt* fyrir helstu hagsmunaaðila (kafla IV, B), *lagalega* fyrir Fh sem slíkt (kafla V) og *fjárhagslega* fyrir þá hópa sem út myndu ganga (kafla VI).

Rökin eru *annars vegar* þau að ólíklegt er að stofnanir Fh myndu samþykkja sameiningu háskólakennara einna í sérstakt landsfélag enda myndi það skilja eftir Félag „háskólakennara” án eiginlegra háskólakennara með akademískt hæfi án þess að augljós þörf á nafnbreytingu í kjölfarið ráði þó úrslitum; félag annarra háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og stofnana háskólans væri of misleitt stéttarfélag og helst til lítið til þess að slíkt gæti gerst í sátt. Þar með yrði í raun um að ræða eins konar fjandsamlega yfirtöku FPR á lektorum og dósentum – og ekki gott að skipulagsbreytingar grundvallist á slíku; slík niðurstaða – og jafnvel endurtekin tilraun myndi væntanlega sá vantrausti og dýpka gjá milli hópa í háskólasamfélaginu.

Fyrirsjáanleg andstaða við slíka sameiningu og framangreint mat um að hún sé félagspólitískt og lagalega hæpin myndi *hins vegar* væntanlega draga úr líkum á því að viðsemjandinn – og í tilviki lagalegs ágreinings e.t.v. Félagsdómur – féllist á breytingu á fyrirsvári við gerð kjarasamninga, sbr. kafla V um túlkun laga í því sambandi; í tilefni af ábendingu á fundi með fulltrúum stjórnar Fh 18. júní 2018 er af sömu ástæðu er enn ólíklegra en ella að landslögum yrði breytt sérstaklega í þá veru.

Slíkt félag – án háskólakennara með hæfisdóm – myndi auk þess væntanlega eiga erfitt með að gæta hagsmuna „aspiranta” svo sem aðjúnkta I, aðjúnkta II eða annarra stundakennara í fullu starfi, svo og nýdókora.

Á móti kæmi að nýtt eða sameinað félag prófessora, dósentar og lektora – með eða án annarra akademískra starfsmanna – yrði fremur einsleitt og með nokkuð samstæða hagsmuni.

Annað stéttarfélagið yrði því eftir slíka skipulagsbreytingu – fjandsamlega eða vinsamlega – nokkuð sterkara en við óbreytt ástand (status quo) en hitt félagið yrði verulega laskað og í tilvikum annarra en starfsmanna með akademískt hæfi líklega verri kostur en óbreytt ástand.

Þrátt fyrir rök um flækjustig, umfang og kostnað við að fullgreina þennan valkost verður þessi valkostur – nefndur *einöld sameining háskólakennara eða starfsmanna með akademískt hæfi* – stundum tilgreindur til samanburðar undir greiningu frá sjónarhóli annarra hagsmunaaðila „sem skipta máli“ hér að neðan.

4. Niðurstaða um nálgun – að bera saman óbreytt ástand og deildaskipt félag

Með framangreindum röksemdum í 3. undirkafla fyrir að hafna einfaldri sameiningu prófessora og annarra akademískra starfsmanna og áður nefndri höfnun „skemmri skírnar“ samkvæmt 2.

undirkafla hér að ofan varð niðurstaða um nálgun eftirfarandi – eins og ýjað var að á fyrsta fundi með stjórn Fh 6. nóvember 2017, samsinnt á öðrum fundi með stjórn Fh 5. mars 2018 og slegið föstu á þriðja fundi með stjórn Fh 2. maí 2018: Talið er rétt að bera í eftirfarandi greiningu á kostum og göllum skipulagsbreytinga fyrst og fremst saman

- annars vegar *óbreytt ástand* (Fh eins og það er nú og FPR eins og það er nú) og
- hins vegar *deildaskipt félag allra háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og stofnana háskólans og jafnvel allra ríkisháskóla og háskólastofnana*.

Rökin fyrir þessu eru einnig þau að aðrir kostir

- eru óraunhæfir vegna þess að *útkoman yrði lítt lífvænleg félög* eða vondur kostur og
- auk þess eru aðrir valkostir mjög margir, sbr. upptalningu í 5. undirkafla hér strax að neðan.

5. Valkostir á skipan stéttarfélaga starfsmanna háskólastofnana með háskólapróf

Frekari rök fyrir framangreindri nálgun – að bera óbreytt ástand einkum saman við deildaskipt félag allra háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og stofnana háskólans og jafnvel allra ríkisháskóla og háskólastofnana – tengist umfangi og þar með kostnaði við greininguna enda hefur flækjustigið á röksemdum viðmælenda og viðfangsefnisins reynst heldur meira en skýrsluhöfundur hugði. Flókið – og þar með tímafrekt og dýrt – myndi reynast að bera óbreytt ástand skipulega og heildstætt saman við alla neðangreinda valkosti sem eru fræðilega hugsanlegir eða jafnvel aðeins raunhæfir en þeir eru líklega a.m.k. um 10 talsins, misraunhæfir, jafnvel þótt breytum á borð við fagfélag/vinnustaðarfélag í síðari valkostunum sé slegið saman í eina og þó að sömuleiðis sé fjallað um fámennari háskólastofnanir á borð við Raunvísindastofnun (25 starfsmenn), Stofnun Árna Magnússonar (25 starfsmenn) og Tilraunastöðinni á Keldum (7 starfsmenn) undir einum hatti:

1. Kennarafélag HÍ.
2. Háskólakennarafélag.
3. Félag starfsmanna HÍ í störfum með akademískt hæfi.
4. Félag starfsmanna ríkisháskóla í störfum með akademískt hæfi.
5. Félag starfsmanna HÍ í rannsóknar- og kennslustörfum.
6. Félag starfsmanna ríkisháskóla í rannsóknar- og kennslustörfum.
7. Félag starfsmanna HÍ í rannsóknar-, kennslu og stjórnsýslustörfum.
8. Félag starfsmanna ríkisháskóla í rannsóknar-, kennslu og stjórnsýslustörfum.
9. Félag starfsmanna HÍ í rannsóknar-, kennslu og þjónustustörfum.
10. Félag starfsmanna ríkisháskóla í rannsóknar-, kennslu og þjónustustörfum.
11. Félag starfsmanna HÍ í rannsóknar-, kennslu-, stjórnsýslu og þjónustustörfum.

Nánari útskýring á hverjum valkosti, sem var að finna í lengri drögum að skýrslu þessari, er felld brott til styttingar. Þá er varla þörf á að fjalla sérstaklega um fræðilegan möguleika á *ódeildaskiptu* Félagi starfsmanna ríkisháskóla í rannsóknar-, kennslu-, stjórnýslu og þjónustustörfum þar sem neðangreind tillaga um deildaskipt félag allra þessara hópa er samkvæmt þargreindum rökstuðningi nærtækari.

6. Bein tillaga eða fyrst og fremst greining röksemda með og á móti?

Meðal þess sem rætt var á öðrum fundi með stjórn Fh 5. mars 2018 var hvort í skýrslunni ætti að koma fram *bein tillaga* um tiltekna skipulagsbreytingu eða óbreytt ástand, eins og a.m.k. einn stjórnarfulltrúi á fundinum taldi, ellegar fyrst og fremst greining á kostum og göllum – og þar með e.t.v. *óbein tillaga* um bestu niðurstöðu – eins og aðrir í stjórn töldu nærtækara. Þrátt fyrir niðurstöðu í 4. undirkafla hér að ofan um að einkum skyldu bornir saman tveir kostir – óbreytt ástand og deildaskipt félag – var eftir fund með fulltrúum stjórnar Fh 18. júní 2018 dregið úr áherslu á þessa beinu tillögu um deildaskipt félag.

7. Sjónarhóll við mat á kostum og göllum hugsanlegra skipulagsbreytinga

Samkvæmt minnisblaði 2, sem var samkvæmt III kafla hér að ofan lagt til grundvallar athugun þessari og skýrslu, skyldi annars vegar greina lagalega, fjárhagslega og félagslega kosti og galla við skipulagsbreytingar frá sjónarhóli verkbeiðandans, Félags háskólakennara, og hins vegar frá sjónarhóli

„annarra hagsmunaaðila sem máli skipta“

án þess að það hafi verið skilgreint nánar. Rétt þykir að skilgreina í ljósi forvinnu fyrstu mánuði verkefnisins hverjir aðrir hagsmunaaðilar „sem máli skipta“ geti verið og lista upp kosti og galla frá sjónarhóli þeirra áður en lengri greining á kostum og göllum tekur við frá sjónarhóli Félags háskólakennara sem slíks (einkum í kafla V) – í báðum tilvikum vitaskuld að mati skýrsluhöfundar.

Við mat á því hvaða hagsmunaaðilar skipta máli er annars vegar litið til þeirra hópa launafólks í háskólasamfélaginu sem hafa að jafnaði *stéttarlega samstöðu* með félagsmönnum Fh – t.d. FRP, Félag háskólakennara á Akureyri (FHA) og einstakir hópar félagsmanna þeirra.

Hins vegar er í skýrslunni litið til þeirra sem hafa *samfélagslegt vald* og er þá einkum litið til viðsemjenda félagsins – yfirstjórnar háskólans annars vegar og samninganefndar ríkisins hins vegar. Umdeilanlegt kann að vera að flokka þessa síðastnefndu „andstæðinga“ við samningaborðið sem hagsmunaaðila „sem skipta máli“. Til andsvars skal í fyrsta lagi bent á að viðsemjandinn er samkvæmt sumum samningslíkönunum fremur samstarfsaðili en andstæðingur. Í öðru lagi eru fulltrúar viðsemjanda auk þess ótvírætt samstarfsaðilar við framkvæmd kjarasamninga og önnur kjara- og réttindamál, einkum í skipulagi vinnustaða á borð við Háskóla Íslands og háskólastofnanir. Þá telur skýrsluhöfundur í þriðja lagi að fenginni reynslu og röksemdum frá viðmælendum að mjög æskilegt sé – ef ekki beinlínis nauðsynlegt – að hafa a.m.k. hliðsjón af afstöðu samninganefndar ríkisins og í raun yfirstjórnar háskólans til þeirra skipulagsbreytinga sem koma til álita við mat á því hvort hugsanlegar skipulagsbreytingar teljist gerlegar eða æskilegar, sbr. nánari umfjöllun um hugsanleg eða líkleg réttaráhrif einfaldrar samningar akademískra starfsmanna í kafla V. Í dæmaskyni skulu til rökstuðnings þessari nálgun nefnd þrjú tiltölulega nýleg dæmi um að afstaða viðsemjanda (ríkisaðila) skipti máli í framangreindum skilningi – og þá aðeins úr næsta umhverfi; vafalaust mætti finna fleiri dæmi tengdu gildissviði laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, ef leitað yrði.

1. Fulltrúar ríkisins sýndu sannanlegan og jafnvel yfirlýstan sveigjanleika við tilurð FHA um 1990 – þrátt fyrir að lagaskilyrði væru ekki fyrir hendi.³
2. Augljóst er – jafnvel utanaðkomandi eftirá – að samstarf var meðal forystu prófessora annars vegar og hins vegar fulltrúa ríkisins við útgöngu prófessora úr Fh um 1996 og breytinga á landslögum í kjölfarið um að prófessorar skyldu framvegis heyra undir kjaranefnd.⁴
3. Fulltrúar ríkisins sýndu a.m.k. fyrir Félagsdómi nokkuð harða andstöðu við heimt félags prófessora á samningsrétti fyrir prófessora við ríkisháskóla sem ráða má af forsendum dóms Félagsdóms frá 30. apríl 2008 í máli nr. 1/2008. Á hinn bóginn sýndi Félagsdómur mikinn sveigjanleika þar sem niðurstaða um samningsrétt hinna stefndu kennarafélaga (Fh, FHA og KKHÍ) hefði verið nærtækari samkvæmt almennum lögum, sbr. hins vegar stjórnarskrárvarið félagafrelsi sem nánar er vikið að í kafla V; var sá sveigjanleiki væntanlega til kominn vegna klípu sem kjaramál prófessora voru komin í, fyrst vegna eigin aðgerða og svo vegna breytinga á lögum um kjaraákvæðanir.⁵ Ekki er á vísan að róa með sveigjanleika ef launafólk sjálft kæmi sér í sambærilega klípu eins og rakið verður í kafla V.

8. Fleiri hagsmunaaðilar „sem máli skipta“?

Á vinnslustig í apríl 2018, þegar formaður og framkvæmdarstjóri Fh áttu þess kost að lesa drög skýrslu þessarar, var val á hagsmunaaðilum hér að neðan sérstaklega borið undir formann og framkvæmdarstjóra; ekki komu fram ábendingar um breytingar, til eða frá. Hvorki félagið sem slíkt né einstakar stofnanir þess – t.d. stjórn Fh – er haft með sem sjálfstæður hagsmunaaðili. Á fundi með framkvæmdarstjóra Fh 11. apríl 2018 kom hins vegar til tals hvað yrði um félagið ef gjörbreytingar yrðu á því svo að jafna mætti við niðurlagningu; um það er fjallað í niðurlagi kafla V um lagalegar forsendur.

9. Lýsingarorð og röð hagsmunaaðila

Tekið skal fram að röð eftirfarandi hagsmunaaðila felur ekki í sér mat á mikilvægi eða öðru vægi. Notast verður við eftirfarandi lýsingarorð við einkunnagjöf valkosta fyrir hvern og einn hagsmunaaðila:

- *Slæmur* – sem felur þá í sér að mælt sé gegn þeim kosti miðað við metna hagsmuni hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Óþarft þykir að hafa valkostinn „mjög slæmur“ enda er neikvætt mat frá nokkrum sjónarhólum mismunandi hagsmunaaðila nægilega flókið þótt breyturnar yrðu ekki fleiri með áherslunni „mjög.“ Auk þess er val skýrsluhöfundar á lýsingarorðum svo matskennt að frekari stigbreyting gæfi ranglega til kynna að matið væri mælanlegra og jafnvel vísindalegra en það er, líkt og ef tölugildi væru notuð.
- *Viðunandi* (eiginlega hlutlaus).
- *Góður* – sem felur þá í sér óbeina tillögu undirritaðs frá sjónarhóli þess hagsmunaaðila. Með ofangreindum röksemdum var sömuleiðis á vinnslustig fallið frá áherslunni „mjög“ til þess að framsetningin sé samhverf og ekki halli á mótrökin vegna áherslu á jákvæð rök.

Eins og lesendur þekkja skipta röksemdirnar – styrkleiki (veikleiki) og „eftirprófanleiki“ þeirra – þó vitaskuld meira máli en sú einkunn ákveðið var að gefa hverjum valkosti til einföldunar.

Tekið skal fram að skilningur á hagsmunum hlutaðeigandi aðila – og e.t.v. misskilningur á röksemdum – er eingöngu frá skýrsluhöfundum en ekki frá einhverjum ónefndum viðmælendum enda þótt röksemdir séu sóttar til ýmissa viðmælenda.

10. Eru stundakennarar vandamál?

Yfir 3.000 stundakennarar eru samtals við HÍ og HA (þar af 470 við HA miðað við 1. desember 2017) og aðra ríkisháskóla en mikill minnihluti þeirra hefur stundakennslu að aðalstarfi. Stundakennarar við Háskóla Íslands og stofnanir háskólans eru nú líklega um eða yfir 2.500 talsins miðað við 1. desember 2016.⁶ Í athugasemd verkefnisstjóra á stjórnsýslu-, framkvæmda- og tæknisviði 18. maí 2018 segir m.a. að þeir sem fengu greiddar 500 klst. eða fleiri hafi verið 55 talsins. Af þessum 55 fengu 10 manns greitt fyrir yfir 1000 klst. Rétt um 100 manns fengu greitt á bilinu 300-500 klst. fyrir stundakennslu á árinu 2017. Um 515 manns fengu greitt fyrir á bilinu 100 – 299 klst. Loks fengu 1670 manns greitt fyrir innan við 100 klst. á árinu. Sú skýring fylgdi að stundakennarar hefðu vitaskuld ekki rannsóknaskyldu og því væri full vinnuskylda líklega um 1650 tímar á ári eða um 415 kennslustundir ef miðað væri við að tímar væru að jafnaði fjörgildir – „en þeir geta líka verið metnir minna, fer væntanlega eftir eðli kennslunnar.“

Rætt var við fyrrverandi stundakennara símleiðis og fjölda starfsfólks í stjórnsýslu HÍ auk þess sem málefni stundakennara bar á góma í nokkrum viðtölum. Þótt lengi hafi verið talið að kjör og réttarstaða stundakennara hafi verið óviðunandi töldu flestir viðmælenda hana hafa skánað og margir töldu umfjöllun um þá a.m.k. óþarflega langa. Hér er því aðeins að finna meginatriði.

Í stuttu máli má segja eftirfarandi til styttingar á umfjöllun um stundakennara. Í fyrsta lagi telja margir viðmælenda innan háskólasamfélagsins að aðeins nokkrir tugir stundakennara sinni stundakennslu að svo stórum hluta að aðalstarf geti talist – þannig að talist geti *réttindamál* að þeir séu taldir með sem félagsmenn og hafðir með í skýrslunni – og jafnvel með í ráðum – í ákvörðunartöku í framhaldinu. Á hinn bóginn benti einn viðmælendi á að á nokkurra ára fresti kæmu stundakennarar upp sem *réttindamál* – og hefði HÍ þá iðulega tekið hóp þeirra, sem væru með mestu kennsluna, inn í starfsliðið og gefið þeim starfsheiti. Í öðru lagi virðist algert sammæli um að ekki sé vandamál – heldur beinlínis *kostur* – að þriðji hópurinn, líklega sá fjölmennasti, sinni stundakennslu í litlum mæli samhliða öðru „úti í bæ“ – þ.e. sérfræðingar sem kenna lítilsháttar í hjáverkum eða tilfallandi gestafyrirlesarar. Í þriðja lagi telja sumir viðmælenda að *gæðamál* geti talist að kennslu sé ekki haldið uppi í of ríkum mæli af stundakennurum. Segir viðmælendi að háskólinn ætti að setja sér efri og neðri mörk varðandi hlutfall stundakennslu en fækka ætti í hópnum enda væri annars hætt við lakari gæðum og að notast sé við ódýrt vinnuafli.

Í skýrslu starfshóps um réttindi og kjör stundakennara við Háskóla Íslands frá 2015 er sú tillaga m.a. gerð (nr. 5) að stundakennarar verði skilgreindir sem *sérstakur hópur kennara* í reglum HÍ. Samkvæmt munnlegum upplýsingum eru stöður aðjúnkta stundum auglýstar til allt að 2ja ára, sbr. bókun í kjarasamningi. Stundakennari telst lausráðinn og á a.m.k. ekki rétt á fastráðningu eða stöðu aðjúnkts að mati HÍ samkvæmt nokkrum samtölum við starfsfólk í stjórnsýslu HÍ.

Þrátt fyrir óformlegar tilraunir skýrsluhöfundar liggja ekki fyrir áreiðanlegar upplýsingar um hve margir sinna stundakennslu sem aðalstarfi eða jafnvel eina starfi. Samkvæmt tillögu nr. 3 í drögum að skýrslu starfshóps um réttindi og kjör stundakennara við Háskóla Íslands (2015) mun enginn hafa stundakennslu að aðalstarfi við Háskóla Íslands.

Aðspurðir töldu nokkrir viðmælendur skynsamlegt að stundakennarar og aðrir sem starfa við háskólakennslu eða háskólarannsóknir og kunna að stefna á frama sem akademískir starfsmenn yrðu sérstök deild í stéttarfélagi háskólafélags.

Loks má nefna að enn virðast kjör og réttindi stundakennara sem ekki eru orðnir aðjúnktar II ráðast af einhliða ákvörðun atvinnurekanda – sem að mati skýrsluhöfundar er óviðunandi auk þess sem svo hefur verið lengi enda þótt – eða e.t.v. m.a. vegna þess að – sá hópur á ekki aðild að stéttarfélagi.⁷ Í því sambandi verður að hafa í huga að við breytingu á stjórnarskrá 1995 var svohljóðandi ákvæði bætt við hana sem 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar (áhersla GT):

„Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.”

Frá því snemma á 20. öld hefur meginstefnan verið að slíkir samningar séu *félagslegir* (d. kollektive); það verður vart gert með öðrum hætti en með aðild að stéttarfélagi og vitaskuld er nauðsynlegt frá sjónarhóli launafólks og jafnvel viðsemjanda að það stéttarfélag sé burðugt. Frá sjónarhóli undirritaðs er ein athyglisverðasta tillagan í drögum að skýrslu starfshóps um réttindi og kjör stundakennara við Háskóla Íslands (2015) því þessi (nr. 7):

„Háskóli Íslands styðji aðild stundakennara að stéttarfélagi.”

B. EFNISKAFLAR VARÐANDI FÉLAGSLEGAR FORSENDUR

1. Meginfjöldatölur starfsmanna sem verkefnið lýtur að

Fastráðnir kennarar við HÍ og Raunvísindastofnun HÍ⁸ eru 725 ef taldir eru saman

- prófessorar (307),
- dósentar (151),
- lektorar (155) og
- aðjúnktar (111).

Nú eru prófessorar við ríkisháskóla⁹ um 350 talsins, þar af um 320 við HÍ og 30 við aðra ríkisháskóla. Á um eða upp undir áratug hefur prófessorum við ríkisháskóla fjölgað um rétt 50% sem má að mati viðmælanda væntanlega meðal annars skýra með tveimur meginþáttum. Annars vegar eru kynslóðaástæður – en margir prófessorar komu inn á 8. áratug síðustu aldar. Hins vegar hefur háskólastarf aukist mjög undanfarna u.þ.b. 2-3 áratugi þannig að háskólastofnunum hefur fjölgað mjög og þar með háskólanemum og háskólamenntuðu starfsfólki háskólastofnana, þ.m.t. háskólakennurum með akademískt hæfi, þar sem „endapunkturinn“ er gjarnan staða prófessors.

Í tölvuskeyti verkefnisstjóra á stjórnsýslu-, framkvæmda- og tæknisviði HÍ 25. október 2017 til skýrsluhöfundar er að finna gróft yfirlit um og flokkun á samsetningu félagsmanna í Fh í september 2017, þ.e. að frátöldum Landsbókasafni-Háskólabókasafni, Raunvísindastofnun Háskólans, Tilraunastöðinni að Keldum og stofnun Árna Magnússonar:

Félag háskólakennara	Ársverk	Fjöldi
Akademískir + aðjúnktar I	318,0	409
Stjórnsýsla+stoðþjónusta	248,0	299
Aðrir s.s. nýdóktarar, aðjúnktar II, nemar og rannsóknarfólk	187,5	273
Alls	753,5	981

Í inngangi að skýrslu stjórnar Fh starfsárið 2016-2017 segir að fjöldi félagsmanna í félaginu hafi verið um 1.080 hinn 1. október 2016 – þar af tæplega 1.000 innan veggja HÍ og skiptist svo:

Dósentar	160
Lektorar	160

Aðjúntar I og II	110
Vísindamenn, fræðimenn og sérfræðingar innan HÍ sem slíks	20
Rannsóknartengd störf	240
Stjórnsýslustörf	290
<i>Alls</i>	<i>980</i>
Landsbókasafn/Háskólabókasafn	20
Raunvísindastofnun	25
Stofnun Árna Magnússonar (“samtals”)	25
Tilraunastöðin að Keldum	7
<i>Alls</i>	<i>77</i>
Samtals	1.057

Við þennan hóp félagsmanna **Fh** bætast í mögulegu sameiningarmengi samkvæmt rýmri nálgun skv. III kafla:

- um 350 **prófessorar** við ríkisháskóla, þar af yfir 300 við HÍ og
- **aðrir háskólamenntaðir** starfsmenn hinna 3ja ríkisháskólanna en þeir eru líklega alls hátt í 200, þar af
 - um 60 lektorar, dósentar og aðrir akademískir starfsmenn Háskólans á Akureyri (HA), félagsmenn FHA,
 - um 15 lektorar, um 5 dósentar og aðrir akademískir starfsmenn við hina tvo ríkisháskólana, þ.e.
 - Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og
 - Hólaskóla – Háskólan á Hólum,
 - um 20 sérfræðingar við HA
 - um 25 aðjúntar við aðra ríkisháskóla en HÍ og
 - áætlað um 55 stjórnsýslustarfsmenn við ríkisháskólana þrjá á landsbyggðinni.

Þá eru stundakennarar, sbr. sérstakan undirkafla (nr. 10) um það hér að ofan.

Samtals varða hugsanlegar skipulagsbreytingar því ekki aðeins hina stóru hópa stjórnsýslustarfsfólks (yfir 300), lektora og dósentar (yfir 300) og prófessora (um 350) heldur að auki 500-600 manns í tilgreindum smærri hópum eða alls vel yfir 1.500 háskólamenntaða starfsmenn með aðalstarf við fjóra ríkisháskóla og stofnanir í tengslum við þá. Þar með varðar skýrslan, eins og athugunarefnið var skilgreint með rýmri hætti samkvæmt III kafla, vel yfir 10% félagsmanna aðildarféлага BHM. Því varðar greining, rökstuðningur og eftir atvikum tillögugerð hagsmuni og réttindi mjög margra og verður einnig að líta til þess við umfjöllun stofnana hlutaðeigandi féлага og annarra aðila sem kunna að nota greiningu þessa í því skyni að móta sér afstöðu til hugsanlegra skipulagsbreytinga og jafnvel til þess að taka ákvörðun um framtíðarskipulag.

2. Hversu lítið stéttarfélag er starfhæft annars vegar og hins vegar lífvænlegt?

Við matið hér á eftir er byggt á þeirri rökstuddu tilfinningu að stéttarfélag sé ekki *starfhæft* nema í því séu a.m.k. um 300 manns. Rökin eru annars vegar fengin úr reynslu skýrsluhöfundar sem framkvæmdarstjóri Bandalags háskólamanna (BHM) 1998-2005. Hins vegar er sú hlutlæga staðreynd að tæplega 13.000 félagsmenn aðildarféлага BHM skiptast niður á rúmlega 25 aðildarfélög BHM og þar af er aðeins eitt, sem telja má eiginlegt stéttarfélag, með færri en 100, þ.e. Félag fréttamanna (60) og þá ekki með skrifstofu en á hinn bóginn á sama vinnustað.¹⁰

Með sömu huglægu og hlutlægu rökum og með hliðsjón af fjölda þjónustuskrifstofa meðal aðildarfélag BHM er þó vart hægt að tala um að stéttarfélag háskólafélks sé *lífvenlegt* nema í því séu 500-1000 manns og gjarnan fleiri enda nefndu reyndir framkvæmdarstjórar þjónustuskrifstofu „SFSF“ (með alls yfir 4.000 manns) annars vegar og hins vegar Stéttarfélags verkfræðinga ýmist 6-800 manns í félagi eða 2.000 sem æskilega stærð. Með hugtakinu lífvænlegt er m.a. átt við

- *taktíska* starfhæfni – svo sem með slagkrafti við samningaborðið, í hugsanlegu verkfalli og í heildarsamtökum –
- *fjárhagslega* starfhæfni – t.d. með mannaðri skrifstofu og úrræði til þess að greiða fyrir utanaðkomandi þjónustu –
- *félagslega* starfhæfni – svo sem virkri og hæftri stjórn og góðu mannvali til nokkuð krefjandi forystustarfa.

Af „empíriskum“ gögnum um þetta má helst nefna að fimm *smæstu* aðildarfélög BHM með sérstaka skrifstofu eftirfarandi:

- Ljósmeðrafélag Íslands (Lmfí): 285
- FPR: 350,
- Sálfræðingafélag Íslands (SÍ): 411,
- Félag ráðgjafafélags Íslands (FÍ): 426,
- Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH): 452.

Ofangreind þrjú stéttarfélög heilbrigðisstarfsfólks (Lmfí, SÍ og FÍ) eru jafnframt því að vera stéttarfélög einnig fagfélög og sinna ýmsu fræðslu- og útgáfustarfi vegna þess. FPR og FÍH eru einungis stéttarfélög, þ.e. sinna fyrst og fremst kjara- og réttindamálum. *FPR með um 350 félagsmenn er því smæsta kjarafélag BHM með eigin skrifstofu.* A.m.k. einn viðmælandi benti á að prófessorar væru hæstlaunaða stéttin innan BHM; er þar væntanlega skýringin á því að svo fámennt stéttarfélag – þótt tiltölulega ungt sé sem slíkt (10 ára) – er á annað borð starfhæft stéttarfélag.

Af þessu leiðir að þeim hópum eða mengjum í upptalningunni sem eru undir um 250 manns væri ekki greiði gerður með því sem í skýrslunni er nefnt einföld sameining allra eða flestra akademískra starfsmanna nema þeir fengju álika góða stéttarfélagsaðild í kjölfarið. Af þessari ályktun snemma í ferlinu er sprottin neðangreind tillaga að deildaskiptingu sem að mati skýrsluhöfundar sameinar styrkleika margra fremur smárra stéttarfélag og styrkleika stærra stéttarfélags án þess að fjölga mjög veikleikum eða auka þá eins og nánar skal rakið hér að neðan. Auk þess væri þá væntanlega auðveldara að *snúa aftur* af sameiningarbraut eða *auka* aðskilnað síðar, t.d. ef stjórnsýsludeildin vildi síðar – í samráði við aðra sem hagsmuna eiga að gæta – gerast sjálfstætt stéttarfélag; ætti það einkum við ef tekið yrði tillit til þessa möguleika strax í öndverðu.

3. Togstreita

Að sögn sumra viðmælenda er undirliggjandi togstreita milli hópa innan *háskólastofnana*, eins og akademískra starfsmanna annars vegar og starfsfólks stjórnsýslu hins vegar – en að sögn eins viðmælenda er togstreita ekki áberandi fyrr en harðnar á dalnum, svo sem við niðurskurð og forgangsröðun fyrstu árin eftir hrun. Einn viðmælandi taldi ekki mikinn mun á milli sviða varðandi togstreitu.

A.m.k. tveir viðmælendur lögðu áherslu á að ákvarðanir um breytingar – svo og ákvörðun um að halda óbreyttu ástandi – þyrftu að stuðla að góðri sambúð mismunandi hópa og þátta í háskólastarfinu, sem stundum er nefnt akademía og stoðþjónusta í stuttu máli.

Innan Fh virðist ekki vart við togstreitu en aðspurður segir framkvæmdarstjóri Fh að mikill hluti á *stjórnarfundum* fari í lektora og dósentu, sem þó eru aðeins um 1/3 félagsins, sem sé ekki endilega neikvætt enda hryggjarstykki í félaginu en á *skrifstofunni* er vinnan frekar í hlutfalli við stærð hvers hóps.

Hvað varðar togstreitu milli Fh og FPR hafa einstaka viðmælendur lýst efasemdum um tillögu skýrsluhöfundar um deildaskipt félag miðað við núverandi persónur og leikendur. Hluti af sameiningu kynni hins vegar að vera að skipt yrði um kjörna fulltrúa smám saman og við upphaf, ef til kæmi, sbr. hugmynd hér að neðan í niðurlagi undirkafla 7 um hámarksárafjölda í lykilstöðum kjörinna fulltrúa. Ef til kæmi væri skref í þá átt að reka fyrst saman skrifstofu; skilnaður milli skrifstofurekstrar Fh og FPR fyrir tæpum áratug mun m.a. hafa til komið vegna starfsmannamála og aukins álags í baráttu FPR við að ná rétti til þess að gera kjarasamning við ríkið þar sem FPR þurfti meðal annars að stefna Fh fyrir Félagsdóm. Sambúð félaganna – a.m.k. milli kjarasamninga – virðist þó með ágætum. Einu sinni á ári fara fulltrúar félaganna saman til Norðurlandanna og hitta kollega.

4. Þýðing sjóða fyrir greininguna

Eins og vikið er að í spurningum í minnisblaði 1 og margir viðmælenda nefndu hafa sjóðir mikla þýðingu fyrir greininguna, fjárhagur þeirra og aðild eða réttindi. Tími og fjárhagur leyfði ekki ítarlega umfjöllun um það eins verkefnið krefst á síðari stigum, ef til kemur. Kemur þar til skoðunar ágæt fjárhagsstaða Fh – sem á um hundrað millj. kr. í kjaradeilusjóði – og sjóðir á borð við sáttmálasjóð, sem er byggður á 100 ára gömlum þjóðréttarsamningi, og vinnumatssjóði sem ku hafa mismunandi skilyrði fyrir úthlutun. Sumir viðmælendur – úr ólíkum áttum – nefndu að fyrra bragði að sjóðamál skiptu máli og hafi haft áhrif ‘síðast’ er sameining var talin hafa verið reynd eða rædd. Virtist þar ýmist átt við sameiningu FRP og Fh eða FHA og Fh. Einn viðmælandi innan FHA taldi mun á sjóðsréttindum lítinn núorðið og sjóðamál yrðu því ekki fyrirstaða. Því miður leyfir tími og rúm ekki frekari umfjöllun um sjóðamál.

5. Hæfissjónarmið

Margir viðmælenda, bæði í hópi stjórnenda og akademískra starfsmanna, sáu – og rökstuddu með dæmum – vandamál tengd hæfi, svo og nálægð á smærri stofnunum, einkum á landsbyggðinni. Í stuttu máli má segja að fremur einfalt væri – einnig að óbreyttu skipulagi – að fyrirbyggja slík vanda- eða álitamál. Í fyrsta lagi mætti fyrirbyggja slíkt með aukinni meðvitund við kjör í trúnaðarstörf enda þótt atvinnulýðræði sé óvenju mikið í háskólastofnunum, þ.e. að akademískir starfsmenn – einkum kennarar – stýri vinnustöðum sínum að meira leyti en almennt gerist á opinberum vinnustöðum, sbr. hins vegar svonefndan stjórnunarrétt atvinnurekanda sem er rótgróið lögmál í vestnorrænum vinnurétti. Í öðru lagi, þegar upp kemur, má taka á slíku með hæfisreglum.

6. Rök með og á móti skipulagsbreytingum frá sjónarhóli mismunandi hagsmunaaðila

a) *Félagsmenn Fh á Landsbókasafni-Háskólabókasafni (Lbs-Hbs)*

Félagsmenn Fh á Landsbókasafni-Háskólabókasafni (Þjóðarbókhöfuð) eru samkvæmt undirkafla 1 hér að ofan nú um 20 talsins og er mikill meirihluti þeirra menntaðir bókasafns- og upplýsingafræðingar.

Telja má að

- *einöld sameining háskólakennara* eða starfsmanna með akademískt hæfi væri **viðunandi** valkostur þar sem háskólaþólk á Lbs-Hbs myndi þá annað hvort halda saman ásamt öðrum sem eftir stæðu í félaginu og staða þeirra jafnvel styrkjast hlutfallslega eða ganga hver í sitt fagstéttarfélag, flestir í SBU þar sem eru um 250 félagsmenn;
- *óbreytt ástand* væri **viðunandi** valkostur fyrir háskólamenntað starfsþólk Lbs-Hbs enda yrði hópurinn áfram með skýra viðmiðunarþópa; en
- *deildaskipt félag*, þar sem deild háskólamenntaðs starfsþólks Lbs-Hbs auk stjórnþýslustarfsþólks væri sérþök deild væri **góður** kostur.

b) Félagsmenn Fh innan stjórnþýslunnar

Innan stjórnþýslu Háskóla Íslands og stofnana háskólans starfa nú samkvæmt undirkafla 1 um 300 háskólamenntaðir starfsmenn flestir þeirra félagsmenn í Fh en nokkrir í eigin fagfélögum að sögn viðmælenda en tölur liggja ekki fyrir.

Telja verður að

- *einöld sameining háskólakennara* eða starfsmanna með akademískt hæfi væri **viðunandi** valkostur þar sem háskólaþólk í stjórnþýslu Háskóla Íslands og stofnana háskólans myndi þá annað hvort halda saman ásamt öðrum sem eftir stæðu í félaginu eða ganga hver í sitt fagstéttarfélag, t.d. KVH eða SL;
- *óbreytt ástand* væri **góður** valkostur fyrir stjórnþýslustarfsþólk og
- *deildaskipt félag*, þar sem deild stjórnþýslustarfsþólks væri sérþök deild væri **góður** kostur.

c) Stundakennarar

Af fyrri umfjöllun (sjá undirkafla 10 undir IV, A) leiðir að mati undirritaðs að fyrir stundakennara væri

- *einöld sameining háskólakennara* eða starfsmanna með akademískt hæfi **slæmur** kostur enda stæðu stundakennarar utan slíks félags og yrðu að óbreyttu áfram utan stéttarfélags eða einungis í félagi með háskólaþólki sem hefðu mjög ólíkar starfsskyldur;
- *óbreytt ástand* væri **slæmur** valkostur fyrir stundakennara enda eru þeir nú án stéttarfélagsaðildar en
- *deildaskipt félag* (þar sem deild stundakennara og e.t.v. nýðoktora eða annarra í svipaðri byrjendastöðu væri sérþök deild) yrði **góður** kostur.

Í því sambandi er gert ráð fyrir að sjálfgefinn útgangspunktur væri að stundakennarar að aðalstarfi féllu utan við sjóðaréttindi, sbr. þörf á nánari umfjöllun um sjóðamál þegar stefna í skipulagsmálum hefur verið mörkuð.

d) Aðjúnktar II og nýðoktorar

Ekki liggja fyrir greinargóðar upplýsingar um fjölda og réttarstöðu aðjúnkta II og nýðoktora en samkvæmt undirkafla 1 eru aðjúnktar I og II samtals 110 og nýðoktorar á að giska einhverjir tugir.

Eftir því sem skýrsluhöfundur kemst næst má álykta að fyrir aðjúnkta II væri

- *einöld sameining háskólakennara eða starfsmanna með akademískt hæfi* **slæmur** kostur miðað við að þrengri skilgreining, sbr. svör við spurningu 1 í kafla V, A, yrði ofan á; yrðu aðjúnktar II utan nýs félags og því í félagi með háskólaþólki sem hefði fremur ólíkar starfsskyldur;
- *óbreytt ástand* væri **viðunandi** valkostur fyrir aðjúnkta II enda mun stéttarfélagsaðild þeirra, ef undirritaður hefur skilið rétt, vera tiltölulega nýtilkomin vegna nýskilgreiningar á slíkum “súper”stundakennurum en
- *deildaskipt félag* – þar sem deild aðjúnkta II, annarra stundakennara og e.t.v. nýðoktora og annarra í svipaðri byrjendastöðu væri sérþök deild – yrði **góður** kostur.

Sama gildir væntanlega um nýðoktora.

e) *Aðjúnktar I*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda aðjúnkta I en samkvæmt undirkafla 1 eru aðjúnktar I og II samtals um 110 talsins.

Telja má að fyrir aðjúnkta I – svipað og með lektora og dósentna hér að neðan – væri

- *einþöföld sameining háskólakennara* eða starfsmanna með akademískt hæfi líklega **góður** kostur ef rýmri valkostur yrði fyrir valinu, sbr. svör við spurningu 1 í kafla V, A, enda yrðu þeir þá í félagi með háskólafólki sem hefði svipaðar starfsskyldur hvað *kennslu* varðar sem er stærsti (48%) starfsþáttur háskólakennara með akademískt hæfi;
- *óbreytt ástand* væri **góður** valkostur fyrir aðjúnkta I og
- *deildaskipt félag* – þar sem aðjúnktar I gætu t.d. verið í deild með lektorum og dósentum – væri **góður** kostur.

f) *FHA/akademískir starfsmenn Háskólans á Akureyri*

Félagsmenn FHA eru nú um 130 talsins og akademískir starfsmenn Háskólans á Akureyri – aðrir en prófessorar – og væntanlega stofnana hans eru nú um 80 talsins. Sambærilegir starfsmenn annarra ríkisháskóla eru væntanlega um 30. Einn viðmælandi benti á að hlutfall aðjúnkta (I) væri óvenju hátt nyrðra en þeir væru í mörgu tilliti meðhöndlaðir eins og lektorar.

Miðað við tilsvör viðmælenda þyrfti sem endranær við hugsanlegar skipulagsbreytingar að gæta þess að raunin yrði ekki – eða tilfinningin – að akureyrskir starfsmenn/félagsmenn teldust innlimaðir í kjölfar niðurlagningar FHA eins og hver önnur samstarfsstofnun HÍ án nokkurra breytinga hjá Fh en FHA mun hafa verið stofnað í öndverðu þar sem félagsmenn fengu ekki inngöngu í Fh.

Telja verður að fyrir félagsmenn FHA væri

- *einþöföld sameining háskólakennara* eða starfsmanna með akademískt hæfi **viðunandi** kostur enda gætu háskólamenntaðir starfsmenn ríkisháskóla utan höfuðborgarinnar með svipuðum hætti og áður miðað sig við kollega í breyttum félögum og elt samningsniðurstöður syðra og framkvæmd kjarasamninga eins og væntanlega hefur viðgengist að miklu leyti undanfarna áratugi;
- *óbreytt ástand* væri sömuleiðis **viðunandi** valkostur fyrir háskólamenntað starfsfólk Háskólans á Akureyri en
- *deildaskipt félag*, þar sem landsbyggðarstarfsmenn væru hluti hlutaðeigandi fagdeildar væri **góður** kostur enda mun sameining FHA og Fh hafa komið til álita fyrir nokkrum árum auk þess sem einn viðmælandi bent á að þá myndi draga úr hagsmunarárekstri vegna smæðar og nándar nyrðra og forgangsröðunar og samsömunar.

Vegna fámennis hinna 2ja ríkisháskólanna og þar sem margir háskólamenntaðir starfsmenn þar eru þegar í sínum fagfélögum verður hvað starfsmenn þeirra varðar ekki lagt sérstakt mat hér á kosti og galla skipulagsbreytinga í samanburði við óbreytt ástand.

g) *Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn við HÍ og stofnanir háskólans*

Samkvæmt framangreindu í undirkafla 1 eru sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn við HÍ og stofnanir háskólans – Raunvísindastofnunar Háskólans, Stofnunar Árnar Magnússonar í íslenskum fræðum, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum – væntanlega um 60 talsins.

Telja verður að fyrir sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn við HÍ og stofnanir háskólans væri

- *einþöföld sameining háskólakennara* eða starfsmanna með akademískt hæfi **góður** kostur ef rýmri valkostur yrði fyrir valinu, sbr. svör við spurningu 1 í kafla V, A, enda yrðu þeir þá í félagi með háskólafólki sem hefði svipaðar starfsskyldur hvað *rannsóknir* varðar sem er næst stærsti (40%) starfsþáttur háskólakennara með akademískt hæfi;

- *óbreytt ástand* væri sömuleiðis **góður** valkostur fyrir sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn við HÍ og stofnanir háskólans og
- *deildaskipt félag* – þar sem sérfræðingar og fræðimenn við HÍ og stofnanir háskólans gætu væntanlega verið í deild með lektorum og dósentum – væri **góður** kostur; sömuleiðis vísindamenn nema þeir yrðu með prófessorum sem skýrsluhöfundur telur nærtækara.

h) *Lektorar og dósentar við Háskóla Íslands*

Lektorar og dósentar við Háskóla Íslands eru samkvæmt framangreindu í 1. undirkafla jafnmargir, 160 hvor hópur, samtals um 320.

Fyrir utan hlutlægt forystuhlutverk prófessora innan sinnar greinar og þá huglægu afstöðu sumra – jafnvel prófessora – að sagan sýni að prófessorar haldi öðru (akademísku) starfsfólki niðri í kjörum virðast hagsmunir allra háskólakennara að mestu eða öllu leyti fara saman – með sama fyrirvara um félagsbundna sjóði og hér að neðan.

Ekki má greina mikinn mun á hagsmunum þessara 2ja eðlislíku hópa. Af því leiðir að fyrir lektora og dósentu væri

- *einöld sameining háskólakennara* eða starfsmanna með akademískt hæfi líklega **góður** kostur enda stæðu lektorar og dósentar væntanlega enn sterkar innan slíks félags og yrðu einungis í félagi með háskólaþólki sem hefðu mjög líkar starfsskyldur – eða svipaðar ef rýmri valkostur yrði fyrir valinu, sbr. svör við spurningu 1 í kafla V, A;
- *óbreytt ástand* væri **viðunandi** valkostur fyrir lektora og dósentu en
- *deildaskipt félag* þar sem sérstök deild yrði fyrir lektora og dósentu – e.t.v. að viðbættum aðjúntum I og eftir atvikum sérfræðingum, fræðimönnum og jafnvel vísindamönnum – væri **góður** kostur.

i) *Prófessorar (350)*

Prófessorar við ríkisháskóla eru nú um 350 talsins, þar af um 300 við Háskóla Íslands eins og rakið er að ofan í 1. undirkafla.

Fyrirfram má með fyrirvara um félagsbundna sjóði telja að fyrir prófessora væri

- *einöld sameining háskólakennara* eða starfsmanna með akademískt hæfi **góður** kostur enda gætu þeir þá á margan hátt talist á „toppnum” í mjög samleitu stéttarfélagi fólks með mjög líkan bakgrunn og mjög líkar starfsskyldur – eða svipaðar ef rýmri valkostur yrði fyrir valinu, sbr. svör við spurningu 1 í kafla V, A;
- *óbreytt ástand* væri **góður** valkostur fyrir prófessora enda virðist FPR þrátt fyrir smæð með um 350 félagsmenn og þar með samkvæmt áðurgreindu smæsta kjarafélag BHM með eigin skrifstofu hafa gengið það vel undanfarinn áratug og þar áður rúman áratug í samrekstri skrifstofu með Fh.
- *deildaskipt félag*, þar sem deild prófessora – væntanlega helst að viðbættum vísindamönnum – væri sérstök deild væri **góður** kostur.

j) *Yfirstjórn háskólans*

Án þess að þessi sjónarhóll megi verða ráðandi telur skýrsluhöfundur að

- *einöld sameining háskólakennara* eða starfsmanna með akademískt hæfi væri **góður** valkostur enda væru stjórnendur háskólans þá áfram að semja við tvö félög, einsleitni myndi aukast og tvítekning myndi minnka hvað varðar akademíska starfsmenn og tvíverknaður ekki aukast hvað varðar þá sem eftir stæðu í félaginu í mjög einsleitu stéttarfélagi fólks með mjög líkan bakgrunn og svipaðar starfsskyldur;
- *óbreytt ástand* væri **góður** valkostur fyrir yfirstjórn háskólans – a.m.k. til skamms tíma – enda væri þá engum bátum ruggað en
- *deildaskipt félag*, þar sem ofangreindir 4-6 hópar myndu mynda all sjálfstæðar deildir innan sameinaðs félags, væri líklega **góður** kostur – einkum til langs tíma – enda myndi marksækni aukast, sameiginleg mál afgreidd sameiginlega en sérmál (sem líklega yrðu fleiri við það borð) afgreidd á samningaborði gagnvart hverri deild.

k) *Samninganefnd ríkisins*

Með vísan til áðurnefndra náskyldra dæma skiptir afstaða samninganefndar ríkisins eða kjara- og mannauðssýslu fjármálaráðneytis og formlega fjármálaráðherra líklega heldur meira máli en afstaða yfirstjórnar háskólans. Telja má að

- *einföld sameining háskólakennara* eða starfsmanna með akademískt hæfi væri **viðunandi** valkostur enda væri viðsemjendum ríkisins a.m.k. ekki að fækka nema breytingin tæki einnig til FHA, tímabundið óþol gagnvart breytingum myndi e.t.v. gera vart við sig í fyrstu samningum eftir skipulagsbreytingar án þess að ávinningur væri fyrirséður frá sjónarhóli ríkisins í bráð en viðsemjendum um málefni háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands myndi fjölga; einsleitni myndi þó aukast og tvítekning myndi minnka hvað varðar akademíska starfsmenn;
- *óbreytt ástand* er hugsanlega oftast **góður** valkostur fyrir fyrir aðila á borð við ríkið þar sem tregðulögmál eru rík og vilji til breytinga mismunandi eftir aðstæðum og geta til breytinga jafnvel enn breytilegri eftir ytri aðstæðum en
- *deildaskipt félag*, þar sem ofangreindir hópar myndu mynda 5-7 all sjálfstæðar deildir innan sameinaðs félags, væri væntanlega **góður** kostur til langs tíma – enda væri slíkt skipulag til þess fallið að auka stærðarhagkvæmni og sameiginleg mál afgreidd sameiginlega, en sérmál væntanlega á samningaborði gagnvart hverri deild og þá ýmist gagnvart ríkinu eða yfirstjórn háskólans; þá myndi meiri reynsla fást af því að eiga við stórt deildaskipt félag en slíka reynslu hefur ríkið væntanlega frá Félagi framhaldsskólakennara og fleiri deildum innan KÍ. Þess má geta að rétt fyrir skil hélt lykilviðmælandi því fram að til væri skriflegt álit fjármálaráðneytis um að deildaskipt félag gengi ekki upp en ekki tókst á þeim skamma tíma sem til stefnu var að afla þess, ef til er.

l) *BHM*

Innan BHM eru hátt í 13.000 félagsmenn í hátt í 30 aðildarfélögum.

Hugsanlegt er að BHM myndi til framtíðar líta á það sem kost að hafa eitt stórt félag innan sinna raða fremur en tvö meðalstór. Meira máli skiptir þó til langframa fyrir þessi heildarsamtök háskólamenntaðs starfsfólks reynslan sem fengist af deildaskiptingu – eins og hér er lögð til sem nærtækasta skipulagsbreyting – stórs stéttarfélags innan heildarsamtaka sem ekki er til að dreifa enn sem komið er. Aðalfyrirmyndin, deildaskipt Kennarasamband Íslands (KÍ), stendur utan heildarsamtaka og er stundum litið á – og jafnvel komið fram við – KÍ sem eins konar heildarsamtök eða ígildi þeirra.

7. *Tillaga skýrsluhöfundar:*

Eins og fram er komið væri einfalt að slá saman kennarahópum – prófessorum annars vegar og lektorum og dósentum hins vegar – en þá væri eftir félag sem væri ekki vel samstætt og ekki eins sterkt og áður. Aðrir yrðu jafnvel á flæðiskeri staddir.

Lagt er til að stofnað verð um eða yfir 1.500 manna sameinað stéttarfélag háskólamenntaðra við ríkisháskóla í 5-7 deildum – sem væntanlega væru á faglegum frekar en landfræðilegum eða stofnanalegum grunni. Eins og dæmin sanna gætu deildirnar sem best kallað sig félög, t.d. Félag prófessora við ríkisháskóla. Myndi það væntanlega styrkja sjálfsmynd einstakra hópa við hugsanlega skipulagsbreytingu.

1. Um eða yfir 350: Deild prófessora e.t.v. ásamt vísindamönnum, t.d. „Félag prófessora við ríkisháskóla.“
2. Um 350-450: Deild dósentna og lektora, eftir atvikum með sérfræðingum og fræðimönnum og e.t.v. vísindamönnum og e.t.v. með aðjúntum I, t.d. „Félag dósentna og lektora.“
3. Um 250: Deild rannsóknarfólks og rannsóknartengdra starfa; þ.m.t. mastersnema, doktorsnema og nýdoktora.

4. Um 350: Stjórnsýsludeild og þjónustustarfa að því leyti sem félagsmenn þar veldu ekki að ganga í sitt fagfélag, t.d. SBU eða Huggarð.
5. Um 150-200: Deild aðjúnkta II og annarra stundakennara í tilteknu *lágmarks*starfshlutfalli.
6. Um 100: Deild háskólatengdra stofnana ef sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn ættu ekki heima í deildum prófessora annars vegar og lektora og dósentna hins vegar.

Stéttarfélagi háskólamenntaðra starfsmanna ríkisháskóla – ef til yrði – mætti vegna vandkvæða við gagnort lýsandi heiti t.d. gefa annars konar nafn, svo sem úr grískri goðafræði á borð við *Apena* ellegar þvíumlíkt sigilt heiti með hugrenningartengsl við háskólastarf og starfsemi stéttarfélaga. Mikilvægara er þó að velta fyrir sér meginatriðum í stjórnskipulagi slíks félags, ef af verður. Nærtækt væri t.d. að mati undirritaðs að í slíku félagi væri miðað við ofangreint allt að 6 manna aðalstjórn, þ.e.

- að í aðalstjórn sætu *formenn hvers aðildarfélags* og
- að einn þeirra væri *formaður aðalstjórn*; kæmu þá tveir kostir helst til greina við kjör formanns aðalstjórnar eins og ítarlega var gerð grein fyrir í skýrsludrögum en er tekið út hér til styttingar enda óljóst hvort fallist verður á tillögurnar hjá þeim sem um það fjalla.

Hvor valkosturinn sem yrði fyrir valinu væri eðlilegt að mati undirritaðs að aðalstjórn myndi að öðru leyti skipta með sér verkum og kjósa úr hópi deildarformanna, meðstjórnenda, í helstu trúnaðarstörf aðalstjórnar – svo sem varaformann, ritara og gjaldkera. Innan þessa ramma væri rétt að gæta að hæfilegri kynjaskiptingu annars vegar og hins vegar að hlutfallslegri skiptingu milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar sem æskilegt væri að ætti fulltrúa í einhverjum deildarstjórnnum og gjarnan fulltrúa í aðalstjórn. Sú faglega skipting og fámennar stjórnir sem miðað er við tryggja þó ekki að alltaf væri fulltrúi landsbyggðar í aðalstjórn. Flóknast væri líklega ekki að gæta að pólitísku vægi deilda sem réðist að miklu leyti í aðalstjórn að því leyti sem sérmál kæmu á dagskrá þar heldur að huga að fjárhag og sjóðum sem verður að greina nánar á síðari stigum, ef til kemur. Ef þessi tillaga eða svipað afbrigði hlýtur hylli í stofnunum verkbeiðanda, Fh, og mætir ekki of mikilli andstöðu ofangreindra hagsmunaaðila fyrirfram væri hægt að leggja út í sameiningarviðræður við FPR og FHA – e.t.v. að höfðu samráði við Hagstund, hagsmunafélag stundakennara, sem að vísu mun óvirkt um þessar mundir, og aðrar félagseiningar.

Enda þótt undirrituðum hafi ekki beinlínis verið falin tillögugerð um tiltekna skipulagsbreytingu – hvað þá nánari útfærsla hennar skulu hér nefnd nokkur atriði sem rétt er að hafa í huga við skipulagsbreytingar, hvort sem þær eru nærri eða fjarri ofangreindri tillögu:

- Hámark á setu í forystustörfum, sbr. t.d. fyrirmyndir hjá BHM þar sem segir: „Enginn stjórnarmaður skal sitja lengur í stjórn en 8 ár í senn, fyrri stjórnarstörf formanns í stjórn BHM skulu þó undanskilin.”¹¹
- Hæfisreglur, sbr. kafla IV, B, 5 hér að ofan.
- Athugunarefni er hvort kennitala deilda yrði sjálfstæð eður ei.
- Nafngiftir deilda gæti verið með ýmsum hætti, sbr. hér að ofan.

8. Frekari rök með deildaskiptu stéttarfélagi

Margir viðmælenda – bæði innan háskólasamfélagsins og utan – telja undarlegt að lektorar og dósentar þurfi að skipta um stéttarfélag þegar eða ef þeir ná því takmarki margra að verða prófessorar þar sem starfsskyldur breytast ekki mikið þó að starfsheiti breytist. Þetta mætti, sem sagt, laga með einfaldri sameiningu þessara 3ja kennarahópa en áður komið fram hvers vegna það er ekki góður kostur fyrir heildina, frágangssök fyrir Fh og jafnvel ekki gott fyrir þessa hópa til langs tíma.

Hér verða tínd til nokkur ummæli – án samhengis hverra við önnur – sem fram hafa komið sem telja má til stuðnings deildaskiptingu:

- Nær allir lektorar og dósentar (og jafnvel aðjúntar) eru „wannabe“ prófessorar; margir viðmælendur töldu engin fagleg né stéttarfélagsrök gegn aðskilnaði en athygli vakti að fleiri prófessorar virtust sjá annmarka á sambúð prófessora með öðrum.
- Ímyndarrök og sjóðaskerðing eru að sögn reynds viðmælenda, að vísu utan háskólasamfélagsins, helstu rök prófessora gegn meiri sameiningu, sbr. sameiningu sveitarfélaga þegar t.d. smá sveitarfélög á borð við Hvalfjarðarsveit og Tjörnes vilji sitja ein að stóriðjuafgjaldi. Á endanum þurfi allir einstaklingar þó að fara á Akranes og Húsavík á elliheimili. Hagsmunaaðreikstur sé því ímyndun; enginn tapi. Tap til skemmri tíma myndi vinnast upp á lengri tíma. Stærra félag myndi standa betur. Auk þess taldi þessi viðmælendi prófessora líklegri til þess að taka styrki af lektorum og dósentum frekar en öfugt enda væru prófessorar væntanlega að jafnaði hæfari þótt einstaka duglegir lektorar og dósentar kynnu að „trompa“ prófessora. Að sögn gengur þetta a.m.k. á báða bóga, þ.e.a.s. mótrök gegn hálaunagreiðslum prófessora í sjóði; um sé að ræða sigild en veik rök þeirra sem betur standa fyrir að halda sig sér.
- Bent hefur verið á að samstaða um sameiginleg mál geti skilað árangri; hún væri líklegri við deildaskiptingu en nú. Síðast (2015) voru Fh, FHA og FPR saman í kjaraviðræðum sem enduðu ekki vel að sögn nokkurra viðmælenda.
- Erfitt er fyrir HÍ að semja við marga viðsemjendur; LSH semji nú við um 15 innan BHM og einhverja utan, alls hátt í 20.
- Með deildarformennsku mætti „þjálfar“ væntanlegan formann aðalstjórnar.
- Ein rök viðmælenda, aðspurðs um deildaskiptingu, voru að með þeim hætti væri jafnræðis gætt og væri því sanngjörn – en sumir í stjórnsýslunni telja galla að stjórnsýslufólk fái minna hlutfall umfjöllunar á fundum stjórnar enda þótt vægi þeirra í stjórn hafi verið hlutfallslega mikið.
- Á hinn bóginn telja sumir akademískir starfsmenn í hópi viðmælenda hópinn brenndan af umdeildum ákvörðunum stjórnar Fh við samningaborðið undanfarin ár.
- Hugarfar um að vera saman í liði er til árangurs fallið fremur en að teljast „stoðþjónusta“ eða jafnvel gegn akademíu – sem alger aðskilnaður myndi frekar ýta undir.
- Verði fallist á stjórnskipulag deildaskiptingar er tiltölulega auðvelt að sameinast frekar, t.d. með því að slá síðar saman deildum.
- Sömuleiðis er væntanlega fremur auðvelt að aðskilja aftur – þ.m.t. með því að ein deildin gæti gengið inn í aðra utanaðkomandi einingu; t.d. mætti ímynda sér að stjórnsýsludeild teldi síðar hag sínum betur borgið með því að gerast sjálfstætt stéttarfélag innan Þjónustuskrifstofu SFSF sem sjötta aðildarfélagið.
- Langtímahagsmunir háskóla og starfsfólks þeirra væru að öllu starfsfólki þeirra væri skapaður sterkur, samhæfur og nokkuð sjálfstæður vettvangur fyrir sókn og vörn kjara og réttinda.
- Með vísan til ofangreindra röksemda um hvenær stéttarfélag háskólafélks teljist starfhæft og lífvænlegt er deildaskipt félag að mati höfundar betra en frumleg hugmynd um að stofna sérstakt (sjálfstætt) stéttarfélag háskólamenntaðra stjórnsýslustarfsmanna HÍ eða ríkisháskólanna 4ra enda yrði slíkt félag að líkindum innan við 400 manns en smæsta stéttarfélag háskólamanna innan BHM með sjálfstæða skrifstofu er samkvæmt áðurgreindu, FPR, með 350 félagsmenn.
- Nokkuð sterk rök með deildaskiptingu og einkum með því að stór hópur háskólafélks, einkum í stjórnsýslu, væri ekki í öðru félagi en aðrir háskólamenntaðir starfsmenn felast í að þá væru auknar líkur á því að almennar launahækkningar og aðrar almennar breytingar á kjörum og réttindum tækju gildi á sama tíma. Á móti kemur að stundum kostur að vera lítill aðili á eftir.
- Eftir inngöngu FPR í BHM eru allir meginhóparnir innan sama bandalags, BHM, sem gæti e.t.v. aðstoðað við ferlið eða við að leysa úr álitamálum eða deilum, ef upp kæmu.
- Bent var á að rétt væri að hætta að hugsa of mikið um hópa, sbr. sjónarmið mannaútsfræðinnar þegar stofnanar sameinast. Sameiningarstjórnun snýst um að stytta þetta tímabil, sbr. reynslu af sameinuðu félagi bókagerðarmanna (prentarar, offsettprentarar og bókbindarar) og hér að neðan um KÍ; framan af eru gjarnan „kvótar“ í stjórn en þegar fram í sækir verða stjórnendur að hugsa um heildina.
- Fleiri viðmælendur minntu á hvers vegna prófessorar hefðu slitið sig frá Fh og einn orðaði það svo að „kjararáðsbrellan“ hefði heppnast.
- Einn viðmælendi rökstuddi að gott væri að breyta breytinganna vegna til að ná fram „dynamik“ og til að vinna gegn setlögum.

- Sami viðmælandi, stéttarfélagsmegin, taldi rök í sjálfu sér fyrir sameiningu að samninganefnd ríkisins yrði guðslifandi fegin.
- Þá væri ekki gott að hafa marga hópa inn á vinnustað, sbr. LSH; hægt væri að deila og drottna. Viðsemjandinn móti líka samninga- og kjarastefnuna, sbr. kjaranefndarmálið og mikil áhrif þáverandi formanns kjaranefndar.
- Þessi viðmælandi var almennt þeirrar skoðunar að ef hagsmunir væru sameiginlegir þá ætti að vera eitt félag en tók síður undir deildaskiptingarrök. Stjórnsýslan myndi annars vegar vera of lítið stofnanafélag eða dreifast of mikið í fagfélög.
- Mælikvarðinn er samningaborðið; næðist betri niðurstaða þar eður ei.
- Prófessorar hefðu ekki gert vel í að ganga úr BHM og sjóðum enda komnir inn á ný.
- Varðandi rök um höfrungahlaup (klifra-uppá-bak-rök) taldi viðmælandi þau gild en að einnig væri hægt að klifra innan félags eins og tölur, sem Hagstofa Íslands sæi nú um, sýndu. Innan félags ætti að vera heilbrigð samkeppni um laun – launaskrið; mælt og opinbert!
- Stærðarhagkvæmni, sbr. t.d. reynslu innan KÍ og ummæli nokkurra viðmælenda þar, svo sem að ekkert aðildarfélaganna væri eins sterkt utan og innan og að hagræði sé af samvinnu.

Eftirfarandi ummæli eru höfð eftir reyndum formanni eins af minni aðildarfélögum KÍ:

“Mér finnst þetta frábært. Eiginlega allt eru kostir frá sjónarhóli lítils félags enda sameiginleg skólafélag, óháð rekstraráðilum skóla, og sameiginleg kjarastefna – nú orðið.”

Formaðurinn sagði að alltaf væri samvinna – ekki stríð – innan KÍ. Skólastjórnendur væru nú við sama borðið og kennarar – vel tengdir meginmarkmiðinu, sem væri skólastarfið. Allir sætu við sama borð, sem væri gott. Samstarfið lagaðist eftir að leikskólakennarar náðu sömu launum og grunnskólakennarar enda sammæli um að ekki ætti að vera launamunur eftir skólastigi. Aðspurður um sambúðina við risana (FF og FG) sagði formaðurinn:

„Það þarf að hafa fyrir því. En það hefur gengið vel og tækifærin eru alger og frábær enda hefur stefnan verið að vinna saman.“

Samstarf geti þó farið í allar áttir – eftir persónuleikum; sjálfstæði aðalatriðið fyrst.

Samlegðaráhrifin eru að sögn formannsins meiri núna vegna opunar; hugsunin er frekar saman en sundur.

Pólitískt og kjaralega gengur þetta sem sagt vel – en hvað með stjórnskipulagið? Formannastjórn - *einn frá hverju félagi*, líkt og skýrsluhöfundur leggur til, er nýtilkomin og að sögn formannsins er það fyrirkomulag líklega betra en *hlutfallsleg* stjórn áður. Fjármálalega og lagalega gengur líka vel að sögn formannsins; val er að hafa samstarfið meira en þyrfti að vera samkvæmt lögunum eða skipulaginu.

9. Rök gegn deildaskiptu stéttarfélagi

Því næst verða tilgreind nokkur ummæli sem fram hafa komið sem telja má til rök gegn deildaskiptingu:

- Sami formaður aðildarfélags KÍ og hér næst að ofan sagði á hinn bóginn að ef hagsmunir væru ekki svo sameiginlegir þá væri samstarf væntanlega ekki eins gott.
- Fyrir nýja eða nýlega háskólamentaða starfsmenn HÍ skiptir að sögn viðmælenda hugsanlega litlu hvort þeir væru í Fh eða deild innan nýs deildaskipts félags annars vegar eða í sínu fagfélagi, t.d. SL eða KVH, enda í báðum tilvikum innan BHM og sjóða.
- Reyndur viðmælandi taldi að í upphafi hefði verið samið um að viðskiptafræðingar yrðu í sínu fagfélagi en væntanlega eru dæmi um hvort tveggja. Helst myndi reyna á óhagkvæmni hins síðarnefnda við mismunandi tímasetningar launahækkana og við mismunandi leiðir í vinnudeilu.
- Fyrir vinnuveitandann er best að hafa sem fæstar samningseiningar; annars hætta á höfrungahlaupi.

- Yfirbygging gæti orðið meiri.
- Ef sammingsrétturinn telst tilheyra sameinuðu félagi væri það líklega ókostur enda væri útganga (áður sjálfstæðrar deildar) þá nánast útilokuð eins og viðmælandi innan KÍ nefndi sem ókost; giskar skýrsluhöfundur á að það væri frágangssök fyrir prófessora. Við þessu má að mati undirritaðs líklega bregðast með því að þær einingar sem hafa fyrir sjálfstæðan sammingsrétt viðhaldi honum þannig að FPR væri einnig formlega með sammingsréttinn.
- Ein rök nokkurra viðmælenda eru mismunur á inntaki starfsskyldna, sjálfstæði og ekki síst rannsóknarfrelsi lektora, dósentna og prófessora annars vegar og hins vegar annarra háskólastarfsmanna sem þó stunda háskólakennslu eða rannsóknir á háskólastigi – t.d. svonefndar þjónusturannsóknir. Aðspurður um skýringu síðar átti viðmælandi fyrst og fremst við þau tilvik þegar stofnun sækir um styrk án frumkvæðis hlutaðeigandi starfsmanns og þá þyrfti sá í raun að sinna því sem starfsmaður; frelsi til þess að velja sér viðfangsefni væri þá skert, sbr. dönsk og íslensk dæmi. Þetta eru að mati undirritaðs góð og gild rök gegn algerri sameiningu en varða þó takmarkaðan hóp en alger sameining er ekki lögð til hér.
- Einn viðmælandi nefndi, aðspurður um deildaskiptingu, í öðru viðtali að fyrirmyndin KÍ ætti ekki við þar sem þar væru aðeins kennarahópar en ekki háskólafélk í stjórnáslu skólastofnana. Þessi mótrök telur undirritaður vart gild enda er fyrirmyndin skipulagslegs eðlis en ekki rök fyrir því hvers konar deildir eigi saman; löng reynsla er komin á að háskólafélk í stjórnáslu háskólastofnana og háskólakennara geti verið saman í félagi þótt viðmælendur hafi nefnt bæði rök gegn því og með eins og fram er komið.
- Andstaða prófessora – og þar afleiðandi tími orka og fé sem færi í að reyna.
- Andstaða annarra.

10. Svör við spurningum verkbeiðanda (Fh) um félagsleg álitamál

Á síðari stigum var ákveðið að hafa í skýrslunni einnig svör við spurningum varðandi *félagsleg* álitamál í minnisblaði 1 enda þótt álitaeefnið hafi verið skilgreint þrengra þar en síðar í minnisblaði 2:

1. *Má ætla að það styrkti félagslega stöðu akademískra starfsmanna að vera í sameinuðu stéttarfélagi með prófessorum?*

Já, sbr. röksemdir hér að ofan; slík „einföld” sameining myndi hins vegar veikja stöðu annarra félagsmanna og annarra háskólamenntaðra starfsmanna háskólastofnana eins og rökstutt er í skýrslunni.

2. *Verði ekki af sameiningu, hvaða áskorunum stendur Fh frammi fyrir til að styrkja innviði og einingu félagsins?*

Deildaskipting – eins og lögð er til með rökstuddum hætti hér að framan – er að mati skýrsluhöfundar besta leiðin til langframa til þess að styrkja í heild stöðu háskólamenntaðs starfsfólks ríkisháskóla og stofnana í tengslum við þá.

V. LAGALEGAR FORSENDUR

A. Almennt

Ef deildaskipt stéttarfélag yrði ofan á yrðu allir kjarasamningar væntanlega að óbreyttu gerðir milli ríkis og stéttarfélags í heild en ekki deildar, sbr. 5. gr. og fyrirmyndir af sviði ríkis og kjarasamninga KÍ ‘vegna framhaldsskóla’ eða ‘vegna framhaldsskólakennara.’ Að lögum (de jure) er sammingsumboðið hjá *aðalstjórninni* – en ekki er útilokað að semja um frávik frá þessu til þess að af þessu gæti orðið. Undir samningana rita hins vegar jafnan eða a.m.k. að jafnaði formaður og aðrir fulltrúar Félags framhaldsskólakennara (FF) og Félags stjórnenda í framhaldsskólum (FS) – sem

staðfestir að í raun (de facto) er pólitíska valdið hjá deildinni eða *aðildarfélaginu*, þ.e. samningastefnan (í séráttal) er mótuð þar og ákveðin.

Athuga ber hins vegar að stofnanasamningar yrðu væntanlega ekki í nafni stéttarfélags heldur deildar eða aðildarfélags, sbr. fyrirmynd innan KÍ þar sem samkvæmt munnlegum svörum á skrifstofu er lítið svo á að aðildarfélagið – t.d. Félag framhaldsskólakennara (FF) – eigi eitt aðild að stofnanasamningi eða öllu heldur kennarafélag hlutaðeigandi skóla ásamt FF. Þessu tengt er sjónarmið – sem varðar ekki beint skipulagsmál en mikilvægt grundvallaratriði – að bera ætti stofnanasamning undir félagsmenn – en ekki aðeins fulltrúa félags í samninganefnd; ekki verður fjallað frekar um þessa ábendingu viðmælanda hér.

Stéttarfélag verkfræðinga sameinaðist árið 2011 fagfélaginu undir nafni hins síðarnefnda og kennitölu, Verkfræðingafélags Íslands (VÍ). Í því felst væntanlega fordæmi gagnvart ríkinu varðandi samningsaðild en síðan hafa verið gerðir tveir kjarasamningar.

B. Svör við spurningum verkbeiðanda (Fh)

Svör við spurningum varðandi *lagaleg* álitamál í minnisblaði 1 þar sem álitafnið er þrengra en það var síðan skilgreint í minnisblaði 2:

1. Hvaða félagsmenn innan Fh myndu falla undir það að vera akademískir starfsmenn og sem ættu að sameinast Félagi prófessora?

Það er skilgreiningaratriði, sbr. til hliðsjónar forsendur Félagsdóms í máli nr. 1/2008.

- Hefðbundin skilgreining á hugtakinu „akademískir starfsmenn“ virðst vera sú þrengsta – að undir það falli aðeins þeir sem *sitja í stöðum* þar sem hæfisdóms er krafist, þ.e. háskólakennarar (lektorar, dósentar og prófessorar) annars vegar og hins vegar fólk í rannsóknarstöðum, svo sem sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn (þ.m.t. rannsóknarprófessorar) sem ekki hafa fasta kennsluskyldu (en á óvart kom að þeir væru aðeins um 20 talsins við HÍ).
- Rýmri skilgreining á hugtakinu væri sú að undir hópinn „akademískir starfsmenn“ féllu einnig þeir einstaklingar sem *í raun hefðu hæfisdóm* (vegna fyrri stöðu eða stöðu sem sótt var um en annar fékk); skal tekið fram að mjög óhentugt væri að mati undirritaðs að kljúfa hópa með því að notast við þá skilgreiningu.
- Enn rýmri skilgreining hugtaksins væri sú að undir hópinn „akademískir starfsmenn“ féllu einnig þeir *einstaklingar sem gætu haft hæfi* en ekki hefði reynt á það (t.d. vegna fyrri stöðu eða umsóknar um stöðu); þá leið teldi undirritaður óhentuga með svipuðum hætti og í lið b).
- Álíka rúm skilgreining á hugtakinu væri að þar sem *meirihluti hóps uppfyllti kröfu í b-lið* félli allur hópurinn undir „akademískir starfsmenn;“ þessi leið er fremur óhentug, sbr. liði b) og c).
- Ennþá rýmri skilgreining væri að taka með í hópinn „akademískir starfsmenn“ auk hóps a) *aðjúnkta I* enda hafa þeir svipaða þrískiptingu starfsskyldna og lektorar, dósentar og prófessorar en í öðrum hlutföllum þó - og án hæfisdóms.
- Rýmsta tæka skilgreining hugtaksins „akademískir starfsmenn“ væri að telja auk *adjúnkta I* með síðastgreindum röksemdum *einnig adjúnkta II* til hópsins með þeim rökum að þeir hefðu háskólakennslu að aðalstarfi enda þótt þeir hefðu ekki hæfisdóm og hvorki háskólarannsóknir né stjórnun væri skilgreindur hluti starfs þeirra.

Að mati skýrsluhöfundar eru aðeins þrjár leiðir – í staflíðum a), e) og f) – raunhæfar. Rýmri skilgreiningu á hugtakinu „akademískir starfsmenn“ er vart hægt að rökstyðja, þ.e. með því að taka með stundakennara í hlutastarfi eða rannsóknarfólk – hvað þá annað háskólamenntað starfsfólk háskólastofnana, þ.e. þá sem starfa við stjórnsýslu og þjónustu. Hugtakið „akademískir starfsmenn“ ræður þó ekki úrslitum við úrlausn hins félagslega meginþáttar verkefnisins og þar með hin lagalegu álitamál eins og fram er komið.

Ef með spurningunni er átt við hvort hugtakið „akademískir starfsmenn” geti talist uppfylla skilyrði 3. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna um „formlega menntun sem jafna má til slíkra starfsréttinda” verður það – án fyrirfram samkomulags við til þess bæra ríkisaðila – *ekki talið öruggt en þó líklegt*, sbr. rúma skilgreiningu í dómi Félagsdóms frá 30. apríl 2008 í máli nr. 1/2008:

Félag prófessora við ríkisháskóla
gegn

íslenska ríkinu, Félagi háskólakennara, Félagi háskólakennara á Akureyri og Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands.

Í málinu var ágreiningsefnið samningsaðild Félags prófessora við ríkisháskóla samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna „og þá einkum 5. gr. þeirra, sbr. skilyrði 3. tölul. þeirrar lagagreinar sem sérstaklega reynir á í málinu.” Í lagaákvæðinu er gerð þessi krafa:

„Að félag taki til a.m.k. 2/3 hluta starfsmanna sem undir lögina heyra og eru í starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfylla skilyrði um formlega menntun sem jafna má til slíkra starfsréttinda og að þeir félagsmenn séu 40 eða fleiri.”

2. *Hver er gildandi lagagrundvöllur þess að Fh hafi samningsumboð fyrir þá félagsmenn þess sem skilgreindir eru sem akademískir starfsmenn?*

Félagið er stofnað löngu fyrir gildistöku laga nr. 94/1986 og fyrirrennara þeirra laga nr. 29/1976 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Félagið er því væntanlega það sem nefna má „4. gr.-félag“ eða „sólarlagsfélag“; þó má segja að á það hafi ekki reynt í þessu tilviki frekar en öðrum, þ.e. gildandi lagagrundvöllur samningsumboðs félagsins er líklega 2. mgr. 4. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna þar sem segir (áherslubreyting hér):

„Þau stéttarfélög, sem við gildistöku laga þessara hafa sérkjarasamninga við ráðherra samkvæmt lögum nr. 29/1976 eða lögum nr. 62/1985 eða hafa kjarasamninga við sveitarfélög samkvæmt reglugerð nr. 236/1976, eiga rétt á að gera samninga við sama aðila samkvæmt lögum þessum óski þau eftir því innan árs frá gildistöku laganna.“

Athuga ber að ef tilvitnuð 2. mgr. 4. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er (eini) lagagrundvöllur samningsaðildar félagsins, gæti samningsaðild þess fyrir þá, sem eftir standa, verið í hættu við útgöngu um $\frac{1}{3}$ (lektora og dósenta) úr félaginu án frekari ráðstafana, sbr. niðurlagsákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna (áherslubreyting hér):

„Eigi skal nema eitt stéttarfélag hafa rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt, sbr. 3. tölul. 5. gr. Þetta ákvæði takmarkar þó ekki þann rétt til samninga sem félög hafa skv. 2. mgr. 4. gr. áð óbreyttri félagsskipan.”

Staðfesti formaður samninganefndar ríkisins að hættuspil geti verið að kljúfa félagið svo mikið (í herðar niður) – nema „í sátt við umhverfið” eins og hann orðaði það. Nefndi hann tvö sambærileg – en að sögn ekki sams konar dæmi;¹² m.ö.o. gaf hann í skyn að túlkunin kynni að verða önnur ef eftir yrði smærra vinnustaðafélag, þ.e.a.s. hvort útgönguhóparnir – um 320 lektorar og dósentar – teldust með í nefnanum þegar reiknað yrði hvort félag tæki „til a.m.k. 2/3 hluta starfsmanna sem undir lögina heyra hjá tiltekinni stofnun og að þeir félagar séu 100 eða fleiri.” Það er ekki útilokað, sbr. tilvitnað fordæmi Félagsdóms í dómi frá 30. apríl 2008 í máli nr. 1/2008 enda væru þeir að fara í fagfélag háskólakennara á landsvísu; engin trygging er nú fyrir því að svo yrði. Þetta þarfnast frekari skoðunar, ef til kemur.

Hugsanlega mætti semja um annað við samninganefnd ríkisins eða kjara- og mannauðssýslu ríkisins – svo sem um að skilgreina sömu starfsstétt upp á nýtt þannig að framvegis teldust háskólakennarar sérstök starfsstétt og þeir sem eftir stæðu í „Fh” teldust önnur sérstök starfsstétt.

Á hinn bóginn er *ekki útilokað* að félagið gæti eftir útgöngu um 320 lektora og dósentar (en varla ef aðrir akademískir starfsmenn færu einnig) *naumlega uppfyllt skilgreiningu 5. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna* – svo fremi sem aðeins væru taldir háskólamenntaðir starfsmenn – þar sem segir:

„Önnur stéttarfélög eða félagasamtök en um ræðir í 4. gr. öðlast rétt til að vera samningsaðili samkvæmt lögum þessum sé a.m.k. eitt eftirtalinna skilyrða uppfyllt, sbr. þó 1. mgr. 6. gr.:

[1. ...]

2. Að félag taki til a.m.k. 2/ 3 hluta starfsmanna sem undir lögin heyra hjá tiltekinni stofnun og að þeir félagar séu 100 eða fleiri.

[3. ...]

Þar sem nærtækt er að skilja ákvæðið svo að $\frac{2}{3}$ starfsmanna skuli telja af heild allra opinberra starfsmanna, þ.e. bæði háskólamenntaðra (innan BHM) og annarra (flestra í SFR sem er innan BSRB) er þetta þó mjög vafasamt.

Samkvæmt tölvuskeyti verkefnisstjóra á stjórnsýslu-, framkvæmda- og tæknisviði til skýrsluhöfundar 25. október 2017 er gróft yfirlit um samsetningu félagsmanna í Félagi háskólakennara innan Háskóla Íslands sjálfs (utan Raunvísindastofnunar Háskólans, Stofnunar Árnar Magnússonar í íslenskum fræðum, Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns) eru félagsmenn 981; ef frá því eru dregnir 320 lektorar og dósentar væri fjöldi félagsmanna Fh við HÍ sjálfan 661 - sem er nákvæmlega 67% og nær því strangt til tekið nákvæmlega $\frac{2}{3}$ af háskólaþólki við HÍ sjálfan. *Renna þessir útreikningar með vísan í lagaákvæði um samningsrétt stéttarféлага opinberra starfsmanna stoðum undir tilvitnuð orð hér að ofan um að einhliða skipulagsbreytingar í þessa átt væru hættuspil.*

Þess má geta að FPR er samkvæmt tilvitnuðum dómi félag skv. 3. tl. 5. gr. sömu laga en þar segir (áherslubreyting hér):

„Að félag taki til a.m.k. 2/ 3 hluta starfsmanna sem undir lögin heyra og eru í starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfylla skilyrði um formlega menntun sem jafna má til slíkra starfsréttinda og að þeir félagsmenn séu 40 eða fleiri.”

3. *Geta akademískir félagsmenn Fh, að óbreyttum lögum, gengið í Félag prófessora og verður þar með það félag komið með kjarasamningsumboð fyrir þá félagsmenn?*

Já; væntanlega enda er væntanlega auðveldara að rökstyðja að lektorar, dósentar – og eftir atvikum aðrir akademískir starfsmenn ríkisháskóla – teljist starfsstétt en prófessorar sem ekki teljast eiginleg starfsstétt samkvæmt tilvitnuðum dómi Félagsdóms. Öruggara er þó að bera slíkt undir viðsemjandann svo að ekki sé farið í stofnun stéttarfélags sem svo fær ekki samningsaðild viðurkennda ef á reyndi, t.d. fyrir Félagsdómi. Þá er skynsamlegra eins og rökstutt er ítarlega í skýrslu þessari að ákveða skipulagsbreytingar í sátt og samlyndi við

aðra hópa ef unnt er. Í þessu efni má annars vegar líta til harðrar varnar ríkisins í máli FPR gegn íslenska ríkinu, Fh, FHA, KKHÍ og sveigjanleika Félagsdóms í ítarlegum forsendum. Eftir að hafa rökstutt að prófessorar geti *ekki* talist „starfsstétt með lögformleg starfsréttindi í skilningi 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986“ tók Félagsdómur fram að þar með væri „þó ekki loku fyrir það skotið að greint skilyrði 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986 geti talist uppfyllt í tilviki stefnanda, sbr. áskilnað um formlega menntun sem jafna megi til lögformlegra starfsréttinda.“ Þá segir í dómsforsendum (áherslur hér):

„Þetta skilyrði er almennt orðað og í lögskýringargögnum er takmarkaða leiðsögn að fá, sbr. tilvitnun hér að framan í athugasemdir með 5. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 94/1986. Þar eru þó tilgreind fagfélög starfsmanna sem lokið hafa hliðstæðu námi og sérhæfingu og þargreindar fagstéttir og sérstaklega tekið fram að fyrst og fremst sé um að ræða háskólamenntaða starfsmenn.

Í 1. mgr. 74. gr. *stjórnarskrár* Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 12. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, er kveðið á um rétt manna til að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi og er *stéttarfélag*, auk stjórnmalafélaga, þar *sérstaklega getið* í þessu sambandi. Í 11. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, um *mannréttinasáttmála Evrópu, er veittu sáttmála þessum lagagildi hér á landi, er enn fremur mælt fyrir um rétt manna til að mynda félög, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.* Ljóst er að það telst frumhlutverk stéttarfélaga að annast samningsfyrirsvar félagsmanna sinna við kjarasamningsgerð. Að því athuguðu, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af *meiginreglu um samningsfrelsi, sbr. og sjónarmið í dómi Félagsdóms frá 23. desember 1999 í málinu nr. 9/1999:* Vélstjórafélag Íslands gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar (Fd. XI:484), verður *ekki talið að unnt sé að fara strangt í sakirnar við túlkun á greindum skilyrðum 5. gr. laga nr. 94/1986 og að allan vafa verði að skýra til samræmis við stjórnarskrárvarinn og lögverndaðan rétt manna til að stofna og starfa í stéttarfélögum.*

Eins og fram er komið voru *prófessorar seldir undir ákvörðunarvald kjaranefndar um kaup sitt og starfskjör með ákvörðun löggjafarvaldsins*, sbr. 6. gr. laga nr. 150/1996, er breytti lögum nr. 120/1992. Í athugasemdum með 6. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 150/1996, kom fram að samkvæmt niðurstöðu funda menntamálaráðherra með fulltrúum Háskóla Íslands þætti rétt „vegna sérstöðu starfa háskólaprófessora“ að leggja til að laun þeirra er gegndu prófessorstöðu að aðalstarfi í skilningi starfsmannalaganna yrðu framvegis ákveðin af kjaranefnd. *Ekki er ljóst hvaða sérstöðu löggjafinn hefur haft hér í huga, en ekki þykir óvarlegt að álykta að þar hafi m.a. verið horft til menntunarkrafna. Hvað sem því líður er ljóst að prófessorar hafa þarna með ákvörðun löggjafarvaldsins verið teknir út úr hópi háskólakennara hvað varðar skipan kjaramála. Stóð svo þar til kjararáð ákvað hinn 9. janúar 2007 að ákvörðun launa og starfskjara prófessora heyrði ekki undir ráðið. Eins og stefnandi vísar til tók kjararáð fram að vandséd væri „að háskólarnir og samtök prófessora geti ekki samið um samræmt heildarkerfi, sem viðhaldi núverandi kerfi eða leysi það af hólmi“. Með þessu hefur prófessorum óneitanlega verið mörkuð sérstaða af hálfu löggjafarvaldsins hvað snertir fyrirkomulag kjaramála. Að því virtu og með vísan til orðalags skilyrðis 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986 um formlega menntun sem jafna megi til lögformlegra starfsréttinda, sbr. og fyrrgreind túlkunarviðhorf, þykir ekki varhugavert að telja að því skilyrði sé fullnægt í tilviki stefnanda.*”

M.ö.o. virðist félagafrelsi samkvæmt stjórnarskrá og mannréttinasáttmálum og hringl ríkisvaldsins með fyrirkomulag á kjaraákvörðunum fyrir prófessora hafa ráðið úrslitum.

4. *Ef svarið við síðustu spurningu er nei, hvaða lögum þarf að breyta til að akademískir starfsmenn Fh geti orðið hluti af sameinuðu stéttarfélagi akademískra starfsmanna HÍ?*

Svarið var jákvætt; að öðrum kosti eða ef vafi væri talinn leika á réttmæti svarsins þyrfti að breyta lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

5. *Með hvaða hætti þarf að standa að ákvörðun um sameiningu akademískra félagsmanna Fh og Félags prófessora í eitt stéttarfélag?*

Hvort sem sú þrengri leið er farin eða sú víðtækari leið deildaskiptingar, sem hér er lögð til, er eðlilegt að fyrst ræði stofnanir hlutaðeigandi félaga saman, svo sem formenn, framkvæmdarstjórnir og stjórnir, þá verði viðhaft víðtækara samráð við félagsheildir innan og utan hlutaðeigandi félaga og loks verði fjallað um málið á aðalfundum hlutaðeigandi félaga og þá tekin ákvörðun á aðalfundum hlutaðeigandi félaga, t.d. vorið 2020. Málefnið er þó það mikilvægt og umdeilanlegt og væntanlega umdeilt að æskilegt væri að stefna að því að því yrði ráðið til lykta á lengri tíma, svo sem 5 árum, með hliðsjón af heppilegum tíma, svo sem m.t.t. gildistíma hlutaðeigandi kjarasamning; í því sambandi má nefna að rúm 20 ár eru frá því að próffessorar skildu sig alveg frá öðrum háskólamenntuðum, 10 ár eru frá því að próffessorar (FPR) öðluðust samningsrétt og um 5 ár síðan helsta tilefni þessa verkefnis varð með frumkvæði grasrótar lektora og dósentna og síðan lagabreytinga af hálfu FPR.

6. Hversu langan tíma má ætla að slíkt ferli geti tekið?

Væntanlega a.m.k. því sem næst tveimur árum, þ.e. tvo aðalfundi beggja félaga ef einföld sameining akademískra starfsmanna yrði ofan á. Æskilegt væri þó, sbr. ofangreint svar við 5. spurningu, að deildaskiptingu væri ætlaður töluvert rýmri tími og þá tekið tillit til reynslu af sambærilegum sameiningarferlum, svo sem niðurlagningu KKHÍ og inngöngu félagsmanna þess í Fh og einkum stofnun hins nýja KÍ, m.a. með útgöngu HÍK úr BHM og sameiningu sem meginstofni FF í KÍ.

C. Ígildi niðurlagningar?

Ef framangreindar breytingar hefðu í för með sér – eða aðeins að hætta væri á – að Fh myndi missa lögvarinn samningsrétt vaknar spurningin – óháð kostum og göllum frá sjónarhóli framangreindra hagsmunahópa – hvort hagsmunum félagsheildarinnar er best borgið með breytingum sem jafngilda niðurlagningu félagsins sem stéttarfélags samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna; því yrðu til þess bærar stofnanir félagsins að svara en að mati undirritaðs gæti svarið eingöngu verið jákvætt að tveimur skilyrðum uppfylltum:

1. Að öllum helstu *hópum félagsmanna væri álika vel, jafn vel eða betur borgið* með breyttu skipulagi; um það fjallar skýrslan.
2. Að viðunandi og helst góð *lausn fyndist á hvað yrði um eignir félagsins*; í því sambandi áréttar skýrsluhöfundur ábendingu um að lög félagsins eru óvenjuleg að því leyti að þar er ekkert fjallað um slit félagsins, svo sem hver er bær til þess að ákveða þau og hvaða afleiðingar slit hafi – eins og algengt er í félagslögum; myndu svonefndar almennar reglur þá eiga við, svo og tiltæk fordæmi.

VI. FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR

Eins og stjórn Fh var gerð grein fyrir, þegar verkefnið nálgadist lok og umsamið fjárhagsþak, liggja því miður enn ekki fyrir svör við tveimur fyrstu af fimm spurningum varðandi fjármál í minnisblaði 1. Þar sem álitafnið er þrengra en það var síðan skilgreint í minnisblaði 2 og fyrirsjáanleg og boðuð áhersla á félagslegar forsendur varð til þess að ekki gafst tími til að afla nægra gagna og meta þau innan þess tímaramma sem samið var um er minna en ella fjallað um fjárhagslega þætti málsins; að mati skýrsluhöfundar er auk þess eðlilegra að kanna þetta í framhaldinu, þegar hlutaðeigandi stofnanir hafa tekið afstöðu til þess hvaða leið af ofangreindum möguleikum (sjá kafla IV, A, 5), og einkum af tilgreindum tillögum í kafla IV, B, 7, um félagslegar forsendur er nærtækust. M.ö.o. eru

spurningarnar of þröngar þar sem þær miðast aðeins við þann eina kost sem líklega varð tilefni verkefnisins en minnisblað 2 skilgreindi verkefnið mun rýmra.

Rétt þykir þó að tilgreina spurningarnar, sem eru vissulega brýnar þegar valin hefur verið leið og fyrst og fremst markmið. Einnig er að ósk fulltrúa stjórnar Fh á síðasta fundi með skýrsluhöfundi, 18. júní 2018, fjallað ítarlegar um neðangreind dómafordæmi sem svara að miklu leyti þremur síðari af fimm spurningum. Spurningarnar eru eftirfarandi:

1. Hver er núverandi hlutdeild akademískra starfsmanna í heildareignum (m.a. kjaradeilusjóður, þróunarsjóður og almennir sjóðir) Fh?
2. Hvert er andvirði þessarar hlutdeildar sem spurt var um í síðustu spurningu?
3. Með hvaða hætti væri hægt að flytja eða vernda fjárhagsleg réttindi akademískra starfsmanna Fh ef þeir færðu sig í sameinað stéttarfélag með prófessorum?
4. Getur sameinað félag tekið að fullu tillit til þeirra fjárhagslegu hagsmuna sem nefndir eru í spurningunum hér að framan?
5. Hvaða önnur álitamál geta vaknað og sem varða fjárhagslegt uppgjör hinna tveggja stéttarféлага, fari svo að akademískir starfsmenn sameinist í eitt félag?

Í stuttu máli má segja að svarið við spurningum 3-5 hér að ofan sé að unnt sé að semja um hvað sem er ef skipulagsbreytingar – sem urðu tilefni þessa verkefnis – verða niðurstaðan og verða ákveðnar í *sátt*; þar sem að framan er rökstutt að þær séu óráðlegar er ólíklegt að svo verði – og skal því ekki fjölyrt um sanningsmöguleika þrátt fyrir spurningar 3-5.

Ef slíkar skipulagsbreytingar gerast í *ósætti* reynir á fordæmi um hvort hópar geta við útgöngu úr félagsheildum krafist hlutdeildar í eignum félagsheildar eða sjóða sem félagsheildin stýrir eða á aðild að – svo fremi sem reglur félagsins, sbr. hér að ofan, eða hlutaðeigandi sjóða kveða ekki upp úr á annan veginn. Skýrsluhöfundur þekkir ekki dómafordæmi um hvort hópur *einstaklinga*, sem gengur úr félagi, á rétt á hlutdeild í eignum félags eða sjóða sem félagið stýrir eða á aðild að. Nærtækt er hins vegar að öllum líkindum að líta til dómafordæma um hvort *félag*, sem gengur úr samtökum (t.d. bandalagi stéttarféлага eins og neðangreind fordæmi), á rétt á hlutdeild í eignum samtakanna eða sjóða sem samtökin stýrir eða á aðild að.

Fyrra fordæmið er dómur Hæstaréttar frá 27. febrúar 1997 í máli nr. 285/1996: Vélstjórafélag Íslands gegn Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands sem í stuttu máli er reifað svo á síðu réttarins:¹³

„Við úrsögn stéttarfélagsins V úr aðildarfélaginu F gerði V tilkall til hluta eigna F og reisti kröfu sína á gagnályktun frá ákvæði samþykktar F sem kvað á um að félag, sem vikið væri úr sambandinu, ætti enga kröfu á hendur því né tilkall til sjóða þess. Hæstiréttur féllst ekki á þessa túlkun og synjaði kröfu V. Því var *jafnframt hafnað að myndast hefði eignarréttarleg sameign með aðildarfélögum F, sem á mætti byggja sérstakt tilkall til eigna þess á.*“

Með vísan til þessa fordæmis Hæstaréttar er mjög líklegt að félagsmenn sem gengju úr Fh fengju enga hlutdeild í eignum félagsins með sér.

Síðara fordæmið – sem virðist ganga í sömu átt en varðar þó einkum álitamálið um hlutdeild í sjóðum – er dómur gerðardóms frá 17. desember 2010 í kjölfar þess að Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) gekk úr Bandalagi háskólanna (BHM). Fíh krafðist hlutdeildar í eignum 2ja sjóða, sem BHM rak (Styrktarsjóðs BHM og Sjúkrasjóðs BHM) og félagsmenn aðildarféлага voru sjóðfélagar í en samið var um uppgjör gagnvart Fíh í eignum BHM sem slíks. Í stuttu máli var

Því hafnað að Fíh gæti átt eignarréttartilkall til umræddra sjóða enda væru þeir sjálfstæðir og væru ekki hluti eigna BHM. Síðara fordæmið er ekki eins mikilvægt miðað við þögn laga Fh um þetta (sbr. niðurlag kafla V, C) þar sem sérstök og ítarleg ákvæði voru í stofnsamþykktum (skipulagsskrá) frá 2000 sem tóku af öll tvímæli um að við úrsögn félags úr BHM myndu félagsmenn þess félags missa sjóðsaðild og enga hlutdeild fá í uppsöfnuðum eignum sjóðsins. Á hinn bóginn má nefna að sömuleiðis voru frá fyrri tíð skýr ákvæði um að við útgöngu félags úr bandalaginu skyldi *félagið* hljóta nánar tilgreinda hlutdeild í eignum *bandalagsins* sem slíks; um það var enginn ágreiningur og um það samið samkvæmt framangreindu. Síðastgreint sýnir að semja má um nánast hvað sem er – einkum fyrirfram í félagslögum. Tekið skal fram að fordæmisgildið er að mati skýrsluhöfundar ekki rýrara þótt um hafi verið að ræða dóm gerðardóms en ekki Hæstaréttar enda sátu í gerðardóminum þrír afar virtir lögfræðingar, dómsformaður var fyrrverandi hæstaréttardómari og meðdómendur mjög reyndir lögmenn, annar þeirra m.a. af sviði vinnumarkaðsréttar; á hinn bóginn er skýrsluhöfundur ekki hlutlaus þar sem hann samdi skipulagsskrána árið 2000 sem þáverandi framkvæmdarstjóri BHM.

Skýlt þessu er dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 26. október 2012, sem Hæstiréttur synjaði í kjölfarið um leyfi til þess að áfrýja, en þar var hafnað viðurkenningarkröfu félagsmanns Fíh um réttindi úr ofangreindum sjóðum sem BHM rekur.

Með vísan til framangreindra dóma gerðardóms og héraðsdóms er fremur líklegt að félagsmenn sem gengju úr Fh myndu við það missa réttindi í sjóðum þar sem aðild er bundin við félagsaðild nema skýr ákvæði kvæðu á um annað eða samið yrði með lögmætum hætti um annað.

Með vísan til þessa fordæmis Hæstaréttar er mjög líklegt að félagsmenn sem gengju úr Fh fengju enga hlutdeild í eignum félagsins með sér.

VII. NIÐURSTAÐA OG TILLÖGUR

Greiningin sýnir að mati undirritaðs að þröng nálgun m.t.t. sameiningar prófessora við lektora og dósenta og eftir atvikum fleiri akademíska starfsmenn er *félagspólítískt* ekki góður kostur eins og rökstutt er ítarlega frá öllum mögulegum sjónarhólum í kafla IV hér að framan. Auk þess er a.m.k. líklegt að slík skipulagsbreyting myndi *lagalega* stefna í voða samningsrétti Félags háskólakennara (Fh) og þar með tilvist þess sem stéttarfélags, sbr. nánar hér að ofan í kafla V. Þá er samkvæmt framangreindu ekki *fjárhagslega* hagkvæmt fyrir hóp að ganga úr félagi án nokkurrar hlutdeildar í eignum, sbr. fordæmi sem rakin eru í kafla VI, auk þess sem hugsanlegt er að við það missi hópurinn sjóðsréttindi nema skipulagsskrár kveði á um annað eða samið verði um slíkt.

Eins og fram kemur í undirkafla IV, A, 2 um „skemmri skírn“ var ákveðið að útiloka ekki skipulagsbreytingar „þegar af þeirri ástæðu“ að prófessorar höfnuðu öðrum kostum en þeim sem ekki kemur greina samkvæmt skýrslunni – þ.e. að aðeins lektorar, dósentar og prófessorar sameinist. Rökstuðning fyrir því vali er að finna í þeim undirkafla. Rökstuðning fyrir því að sú sameining kemur ekki til greina er meginefni skýrslunnar – bæði *félagspólítískt* fyrir helstu hagsmunaaðila (kafla IV, B), *lagalega* fyrir Fh sem slíkt (kafla V) og *fjárhagslega* fyrir þá sem út ganga (kafla VI).

Þó að sameinað stéttarfélag „akademískra starfsmanna“ yrði væntanlega nokkuð sterkt myndi hið „eftirstæða“ félag standa eftir verulega laskað.

Af þeim sökum varð niðurstaðan að bera fyrst og fremst saman annars vegar óbreytt ástand og deildaskipt félag allra háskólamenntaðra starfsmanna háskólastofnana eins og rakið er í kafla IV, A, 4, enda væru aðrir kostir óraunhæfir, sbr. kafla IV, B, 2, auk og mjög margir, sbr. kafla IV, A, 5.

Fallist stjórn Fh á rökstudda niðurstöðu skýrsluhöfundar¹⁴ eru gerðar eftirfarandi tillögur.

Í *fyrsta* lagi er lagt til að Fh taki frumkvæði að því að fá FPR og fulltrúa lektora og dósenta í grasrótinni í næsta skrefi til þess að falla frá því að nálgast viðfangsefnið svo þröngt eins og gert hefur verið (sjá minnisblað 1). Í *öðru* lagi er lagt til að Fh standi fyrir kynningu meðal félagsmanna Fh á greiningunni. Í *þriðja* lagi er lagt til að Fh eigi sem langstærsta og elsta stéttarfélag háskólamenntaðra starfsmanna háskólastofnana samráð á grundvelli greiningarinnar við aðra hagsmunaaðila – svo sem FPR, FHA og viðsemjendur – og helst stundakennara. Ef ósk, kynning og samráð skv. skrefum 1-3 gengur vel er í *fjórdá* lagi lagt til að teknar verði ákvarðanir í stofnunum Fh um að óska eftir óformlegum viðræðum við hlutaðeigandi félög, einkum FPR og FHA um tiltækar lausnir, aðrar en óbreytt ástand. Gangi það vel er í *fimmta* lagi lagt til að óskað verði eftir formlegum viðræðum um að stofna deildaskipt félag háskólamenntaðra starfsmanna háskólastofnana eins og rökstutt er í skýrslu þessari (sjá kafla IV, B, 7, hér að ofan).

VIII. LOKAORÐ

Þótt ekki hafi það verið ráðandi við ritun skýrslunnar, mestmegnis frá síðari hluta marsmánaðar og til aprílloka 2018 og svo aftur síðsumars 2018, má vekja athygli á því að tilhneiging virðist fara vaxandi til þess að fjalla um *sameiginleg* mál á stærsta mögulega vettvangi til þess að auka slagkraft, t.d. í vinnudeilum. Rétt eins og yfirþjóðlegar eða samþjóðlegar stofnanir taka á vandamálum sem virða ekki landamæri má nefna að sameining og þar með stéttarfélagu hefur færst í aukana og aðild að heildarsamtökum (a.m.k. BHM) hefur jafnvel heldur breikkað. Þá hafa LO og FTF í Danmörku með um 1,5 millj. félagsmanna nýverið sameinast.

Nærtækt er að nefna gott dæmi umbætur á réttindamálum opinberra starfsmanna (einkum stórbætt fæðingarorlof og samræmingu veikindaréttar) með formlegu samkomulagi annars vegar og hins vegar miklu samráði um löggjöf um síðustu aldamót og á hinn bóginn víti til að varast þegar ASÍ dró sig í hlé í nefnd um samskiptareglur á vinnumarkaði 1995-6; fyrir vikið varð mun meiri atvinnurekandaslagsíða á annars þörfum og að sumu leyti löngu tímabærum endurbótum á vinnulöggjöfinni frá 1938 sem hefði að líkindum mátt bæta „frá vinstri“ um leið. Jafnvel um *sérmál* sýna nýleg dæmi, sbr. keðjulausn heildarvinnudeilu allra opinberra starfsmanna í Danmörku í lok apríl 2018 (þ.e. um 750.000 félagsmanna samtaka sem líkja má við ASÍ, BSRB, BHM o.fl.) hjá ríki, svæðisstjórnnum og sveitarfélögum sem stóðu saman um bæði sameiginleg mál og mikilvæg prinsippmál, sem voru þó sérmál, svo sem vinnutími kennara.

Reykjavík, hinn 7. janúar 2019,



Gísli Tryggvason lögmaður

¹ Guðjón Friðriksson, 1992, lðunn, Reykjavík: Dómsmálaráðherrann, Saga Jónasar Jónssonar frá Hriflu, II, bls. 31.

² Í 2. mgr. 1. gr. samnings aðila, dags. 29. júní sl., segir: “Forsenda úttektarinnar er meðfylgjandi spurningalisti um lagaleg álitamál, um fjármál og um félagsleg álitamál. Spurningalistinn afmarkar verkefnið og er hluti samnings þessa. Það sama á við um fyrirliggjandi minnisblöð frá verktaka, dags. 3. maí og 15. maí 2017.” Taldi undirritaður þessa tilvísun í að nokkru misvísandi minnisblöð tryggja nægilega afmörkun verkefnisins og sjálfstæði undirritaðs við matið þar sem fyrir lá að mjög ólíkar skoðanir myndu koma fram á álitaefninu og sterkir hagsmunir í mismunandi áttir.

³ Þ.e. að fjöldaskilyrði (100) 2. tl. 5. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna um tilurð nýrra stéttarfélagu var ekki fullnægt en þar segir önnur stéttarfélög eða félagasamtök en um ræði í 4. gr. öðlist rétt til þess að vera samningsaðili samkvæmt lögum þessum sé það skilyrði uppfyllt að „félag taki til a.m.k. 2/ 3 hluta starfsmanna sem undir lögin heyra hjá tiltekinni stofnun og að þeir félagar séu 100 eða fleiri.“

⁴ Í athugasemdum við 6. gr. frumvarps þingnefndar sem varð að lögum nr. 150/1996 um breytingar á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem breyttu m.a. þá nýsettum lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og nýlegum lögum nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd með síðari breytingum segir (áhersla hér): “Í frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem lagt var fyrir 120. löggjafarþing, var upphaflega gert ráð fyrir að háskólaprófessorar teldust embættismenn í skilningi frumvarpsins. Við meðferð Alþingis var horfið frá því að svo stöddu og málinu vísað til frekari umfjöllunar innan Háskóla Íslands. Varð það *niðurstaða funda menntamálaráðherra með fulltrúum Háskóla Íslands að vegna sérstöðu starfa*

háskólaprófessora þætti rétt að leggja til að laun þeirra sem gegna prófessorsstöðu að aðalstarfi í skilningi stml. verði framvegis ákveðin af kjaranefnd.” (<http://www.althingi.is/altext/121/s/0433.html>)

⁵ Um þetta segir í forsendum dómsins (<https://www.urskurdir.is/felagsmala/felagsdomur/nr/2662>): “Fram er komið að um árabíl hefur aðild að kjarasamningum háskólakennara verið hagað þannig að við hvern ríkisháskóla, með tilgreindum undantekningum, hefur orðið til stéttarfélag háskólakennara sem hvert fyrir sig hefur gert kjarasamning við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og er Félag háskólakennara (FH) elst þessara félaga. Þegar stefnandi var stofnsettur voru laun prófessora ákvörðuð í kjarasamningum Félags háskólakennara og fjármálaráðherra. Fram er komið að frá stofnun stefnanda og fram til ársins 1996 var félagið rekið sem deild innan Félags háskólakennara. Það ár sagði stefnandi sig úr því félagi, jafnframt því að ákvörðunarvald um laun og önnur starfskjör prófessora var að ósk stefnanda færð undir kjaranefnd er starfaði samkvæmt lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, sbr. lög nr. 150/1996, um breytingar á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Laun og önnur starfskjör prófessora fóru síðan eftir ákvörðun kjaranefndar, sbr. síðast samkvæmt ákvörðun nefndarinnar frá 28. júní 2005, sbr. almennar leiðréttingar samkvæmt ákvörðunum kjararáðs frá 4. október og 19. desember 2006. Kjararáð var sett á stofn samkvæmt lögum nr. 47/2006, um kjararáð. Hinn 9. janúar 2007 komst kjararáð að þeirri niðurstöðu að ákvörðun um laun og starfskjör prófessora heyrði ekki undir ráðið. Í kjölfarið hófst athugun stefnanda á stöðu sinni sem stéttarfélags og rétti til samningsaðildar, sbr. og þau bréfaskipti sem í málinu greinir. Í stefnu kemur fram af hálfu stefnanda að í dag, eftir greindar ákvarðanir, sé kjaraleg staða prófessora við ríkisháskóla sú að um laun og önnur starfskjör fari eftir greindum ákvörðunum kjaranefndar og kjararáðs, sbr. og bréf formanns Félags háskólakennara, dags. 13. september 2007, til fjármálaráðherra þar sem hið sama kemur fram. Af hálfu stefnda, íslenska ríkisins, er tekið undir þetta í greinargerð, en jafnframt á það bent að aðalatriði málsins sé þó það að umræddir félagsmenn heyri ekki lengur undir ákvörðun kjararáðs um kaup og kjör. Framvegis fari það eftir kjarasamningum, en sé nú samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. bréf hans, dags. 28. ágúst 2007, til prófessora við Háskóla Íslands en þar ákveður fjármálaráðherra breytingar á launum prófessora frá og með 1. júlí 2007 í samræmi við tilgreind viðmið og tekur jafnframt fram að skapast hafi „ákveðið millibilsástand“ við það að laun og starfskjör prófessora heyri ekki lengur undir úrskurðarvald kjararáðs.”

⁶ <https://www.hi.is/kynningarefni/starfsmenn>

⁷ Sjá t.d. frétt Þjóðviljans, bls. 2, 22. september 1990 með fyrirsögninni: „Stundakennaradeilan fyrir Félagsdóm?“ (http://timarit.is/view_page_init.jsp?pagelid=2925579). Að sögn viðmælanda var stundakennaraverkfall í byrjun níunda áratugar síðustu aldar en skriflegar heimildir hafa ekki fundist. Þá voru nýlegar fréttir af hagsmunabaráttu stundakennara, sjá t.d. frétt á ruv.is 20. apríl 2015: <http://www.ruv.is/frett/stundakennarar-vilja-haerri-laun>.

⁸ Aðgengilegustu tölur um fjölda starfandi háskólamenntaðra einstaklinga og stöðugilda hjá þeim háskólastofnunum, sem eiga í hlut, er að finna í Excel-skjali sem fylgir ártalinu 2016 í töflu á vefnum um fjölda starfsmanna við Háskóla Íslands og Raunvísindastofnun, yfirleitt miðuð við 1. desember hvert ár; sjá:

<https://www.hi.is/kynningarefni/starfsmenn>

⁹ Með ríkisháskólum er átt við þá fjóra háskóla í skilningi laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla sem teljast ríkisstofnanir samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Um er að ræða Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Utan við það hinar háskólastofnanirnar þrjár í skilningi laga nr. 63/2006 um háskóla – að vísu mikið til fyrir opinbert fé – þ.e. Háskólann í Reykjavík, Listaháskóla Íslands og Háskólann á Bifröst.

¹⁰ Tölvuskeyti fjármálastjóra BHM til undirritaðs 6. apríl sl. um fjölda félagsmanna í aðildarfélögum BHM miðað við dseember 2017 og hvort þau séu með skrifstofu; þær upplýsingar eru byggðar á innsendum skilgreinum félagsgjalda.

¹¹ Lokamálsliður ákvæðis 5.1 í lögum BHM (<https://www.bhm.is/um-bhm/log/>). Sjá og sjóði á vegum BHM – Orlofssjóð BHM (2. mgr. 6. gr. <https://www.bhm.is/media/adalfundur-2017/Samthykkir-OBHM.pdf>), Styrktarsjóð BHM (1. ml. 2. mgr. 6. gr. <https://www.bhm.is/media/styrktarsjodur/Styrktarsjodur-skipulagsskra-2015.pdf>), Sjúkrasjóð BHM (1. ml. 2. mgr. 6. gr. <https://www.bhm.is/media/sjukrasjodur/Skipulagsskra-SBHM-2017.pdf>) og Starfsmenntunarsjóð BHM (1. ml. 2. mgr. 4. gr. <https://www.bhm.is/media/strib/Skipulagsskra-STRIB.pdf>) – sem hafa sams konar ákvæði. Starfsþróunarsetur háskólamanna virðist ekki hafa sambærilegt ákvæði, a.m.k. ekki í samþykktum sínum frá 4. janúar 2001.

¹² Annars vegar var það þegar sjúkraliðar gengu úr Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR), nú SFR - stéttarfélag í almannáþjónustu 1991, sbr. *Sjúkraliðar - 50 ára saga*, Örn Þ. Þorvarðarson, 2016, einkum bls. 72. Hins vegar nefndi hann þegar leikskólakennarar gengu úr SFR, líklega á 10. áratug síðustu aldar. Stefndi það ekki samningsrétti SFR í voða miðað við sveigjanlega afstöðu hlutaðeigandi viðsemjenda enda var um að ræða að fagstéttarfélag skv. 3. tl. 5. gr. laganna sem tók við afmörkuðum hópi frá félagi skv. 4. gr. eða 1. tl. 5. gr.; þetta virðast þó ekki bein fordæmi þar sem SFR uppfyllir kröfur skv. 1. tl. 5. gr. laganna. SFR hefur sem gamalt félag væntanlega samningsrétt skv. 4. gr. laganna en

gæti haft samningsrétt skv. 1. tl. 5. gr. sem kveður á um að „félag taki til meiri hluta opinberra starfsmanna hjá ríki eða sveitarfélagi annarra en þeirra sem eru í stéttarfélögum sem eiga rétt til samninga skv. 2. og 3. tölul. þessarar greinar.”

¹³ <https://fj.is/?sida=heimild&teg=hrd&nr=hrd.13154&qid=b2c50eb34218388e128eaa29c970cf6f>

¹⁴ Skýrsluhöfundur hefur embættispróf í lögum (1997) og MBA-gráðu með áherslu á mannauðsstjórnun (2004) auk diploma í sáttamiðlun (2008) og lögmansréttinda frá 1998. Síðan 2013, er höfundur lét af embætti sem talsmaður neytenda, hefur skýrsluhöfundur verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Skýrsluhöfundur starfaði sem framkvæmdarstjóri og lögmaður Bandalags háskólamanna (BHM) 1998-2005 og sinnti þá m.a. vinnumarkaðsrétti og skipulagsmálum stéttarféлага. Að lokum má geta þess að skýrsluhöfundur starfaði um tæplega hálf árs skeið 1998 sem lögfræðingur á starfsmannaskrifstofu HÍ, var stundakennari í einu námskeiði við lagadeild HÍ 1999 og í nokkur ár frá 2008 aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

IX. VIÐAUKI – HELSTU HEIMILDIR, SKRIFLEGAR OG MUNNLEGAR

Helstu skrifleg gögn í tímaröð auk birtra laga, reglna og úrlausna og heimilda í aftanmálgreinum sem ekki er getið sérstaklega sem heimilda, svo og verksamnings, dags. 29. júní 2017:

1. Kristian Mogensen: Håndbog for dirigenter, 2. útg., Kaupmannahöfn, 1998.
2. Dómur gerðardóms frá 17. desember 2010 samkvæmt 21. gr. laga BHM frá 2008.
3. Tölvuskeyti Sigurlaugar K. Jóhannsdóttur í fjármálaráðuneytinu frá 14. mars 2013.
4. Tölvuskeyti formanns FPR, Rúnars Vilhjálmssonar, 15. maí 2013 til fulltrúa í samninganefnd ríkisins, Guðmundar H. Guðmundssonar o.fl., án viðhengis um rýmkun aðildar að FPR).
5. Tölvuskeyti þáverandi verkefnisstjóra á stjórnslu-, framkvæmda- og tæknisviði við HÍ, Sigríðar Björnsdóttur, 15. maí 2013 til þáverandi formanns Fh o.fl.
6. Svarskeyti þáverandi lögmans, nú einnig framkvæmdarstjóra BHM, Ernu Guðmundsdóttur frá 15. maí 2013.
7. Tölvuskeyti þáverandi formanns Fh, Jörundar Guðmundssonar, til formanns FPR 16. maí 2013 til svars við tölvuskeyti hans og viðhengi daginn áður.
8. Skýrsla nefndar um stöðu FF innan KÍ fyrir aðalfund Félags framhaldsskólakennara 20. – 21. mars 2014.
9. Lögfræðilegt minnisblað Bergþóru Ingólfssdóttur hrl. og Sonju H. Berndsen hdl., dags. 7. maí 2015, til Félags íslenskra náttúrufræðinga.
10. Skýrsla starfshóps um réttindi og kjör stundakennara við Háskóla Íslands (Drög 2. júní 2015).
11. Ársreikningur Fh fyrir árið 2016, dags. 24. febrúar 2017.
12. Skýrsla stjórnar Fh starfsárið 2016 - 2017.
13. Fundargerð af stofnfundi áhugafólks um sameiningu akademískra starfsmanna í eitt stéttarfélag hinn 29. maí 2017.
14. Ódagsett minnisblað vorið 2017 frá Fh (nefnt minnisblað 1) með fyrirsögninni “Félag háskólakennara – akademískir starfsmenn félagsins og möguleg sameining þeirra við Félag prófessora”.
15. Tölvuskeyti Sigríðar Björnsdóttur, þáverandi verkefnisstjóra við HÍ, til undirritaðs 25. október 2017.
16. Ódagsett minnisblað frá Sigríði Björnsdóttur, verkefnisstjóra við HÍ, með heitinu “Fastir starfsmenn Háskóla Íslands og Raunvísindastofnunar í mars 2018” (minnisblað 1).
17. Minnisblað höfundar apríl/maí 2017; (minnisblað 2).
18. Svartölvuskeyti Hugrúnar Helgadóttur, verkefnastjóra launa- og starfsmannamála við Háskólann á Akureyri, til undirritaðs 5. apríl 2018.
19. Svarskeyti fjármálastjóra BHM, Gissurar Kolbeinssonar, til undirritaðs 6. apríl 2018 um fjölda félagsmanna í aðildarfélögum BHM miðað við desember 2017 og hvort þau séu með skrifstofu; þær upplýsingar eru byggðar á innsendum skilagreinum félagsgjalda.
20. Tölvuskeyti Sigríðar Björnsdóttur, verkefnisstjóra við HÍ, til undirritaðs og framkvæmdarstjóra Fh 23. maí 2018.

Skráðar munnlegar heimildir í stafrófsröð – yfirleitt með fullu nafni, titli og dagsetningu – auk funda með stjórn Fh, 6. nóvember 2017, 5. mars 2018 og 2. maí 2018:

1. Arnheiður Eypórsdóttir, aðjúkt við HA; samtal í síma 4. apríl 2018.
2. Árni B. Björnsson, framkvæmdarstjóri Verkfræðingafélags Íslands; samtal í síma vor 2018.
3. Áslaug Björgvinsdóttir, sérfræðingur í félagarétti, fyrrverandi dósent við lagadeildir HÍ og HR og fyrrverandi dómari; fundur 25. október 2017.
4. Áslaug Valsdóttir, formaður Ljósmeðrafélags Íslands; samtal í síma, líklega í lok mars 2018.
5. Ásta Möller, sviðsstjóri starfsmannasviðs HÍ; fundur 20. febrúar 2018.
6. Dr. Ármann Höskuldsson, vísindamaður og nú aftur fulltrúi í stjórn Fh; fundur 14. febrúar 2018.
7. Baldvin Zaríoh, deildarstjóri við HÍ, og varaformaður stjórnar Fh; nokkrir fundir, með öðrum.
8. Björk Vilhelmsdóttir, fyrrverandi formaður BHM; samtöl í síma.
9. Eiríkur Jónsson, fyrrverandi formaður KÍ; fundur 5. mars 2018.
10. Elva Ellertsdóttir, deildarstjóri stjórn málafræðideildar HÍ; samtal í síma, líklega 5. apríl 2018.
11. Erna Guðmundsdóttir (EG), framkvæmdarstjóri BHM; fundur 20. febrúar 2018 ásamt ÞS.
12. Dr. Erna Magnúsdóttir, dósent í læknadeild; fundur 9. febrúar 2018.
13. Dr. Gísli Már Gíslason, prófessor og fyrrverandi formaður FPR og fyrrverandi formaður Fh, núverandi fulltrúi í stjórn FPR; fundur 20. nóvember 2017 og tvö samtöl í síma nokkru síðar.
14. Dr. Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor og fyrrverandi formaður Fh; fundur 6. febrúar 2018.
15. Guðmundur Björn Eypórsson fjármálastjóri Hólaskóla – Háskólans á Hólum; samtal í síma 4. apríl 2018.
16. Guðmundur H. Guðmundsson, sérfræðingur hjá kjara- og mannauðssýslu fjármálaráðuneytis; fundur 8. febrúar 2018 ásamt SLG.
17. Guðmundur Ingi Guðmundsson, sérfræðingur Landsbókasafns – háskólabókasafns og fulltrúi í stjórn Fh; samtal í síma 9. apríl 2018.
18. Guðrún Alda Elísdóttir, starfsmannastjóri félagsvísindasviðs; samtal í síma 5. apríl 2018.
19. Guðrún M. Eysteinsdóttir, lögfræðingur á starfsmannasviði HÍ; samtal í síma 4. apríl 2018.
20. Gunnar Björnsson, þáverandi formaður samninganefndar ríkisins og skrifstofustjóri kjara- og mannauðssýslu fjármálaráðuneytis; símtal 9. apríl 2018.
21. Gylfi Dalmann, dósent í vinnumarkaðsfræðum; fundur 6. febrúar 2018.
22. Halldór K. Valdimarsson, framkvæmdarstjóri þjónustuskrifstofu nokkurra aðildarfélaganna BHM; 28. mars og 4. apríl 2018.
23. Helga Birna Ingimundardóttir; fundur 11. apríl 2018, auk ofangreindra funda með stjórn Fh og fjöldi samtala í síma.
24. Dr. Hjördís Sigursteinsdóttir, dósent og formaður FHA; samtal í síma 5. apríl 2018.
25. Íris Davíðsdóttir, rekstrarstjóri á verkfræði- og náttúruvísindasviði og fulltrúi í stjórn Fh; samtal í síma, líklega 5. eða 9. apríl 2018.
26. Dr. Jóhannes R. Sveinsson, prófessor og fyrrverandi formaður Fh; fundur 8. febrúar 2018.
27. Jörundur Guðmundsson, forstöðumaður Háskólaútgáfunnar og fyrrverandi formaður Fh; fundur 25. október 2017 og samtal í síma 3. september 2018.

28. Kristín Færseth (KF), framkvæmdarstjóri FPR; fundur 8. nóvember 2017 ásamt RV og ÞM og samtöl í síma.
29. Margrét Elísabet Ólafsdóttir, lektor við HA; samtal í síma 5. apríl 2018.
30. Michael Dal dósent við HÍ, formaður Fh; ótiltekinn fjöldi funda, ásamt öðrum en ekkert sérstakt viðtal, og nokkur samtöl.
31. Ómar S. Harðarson, fyrrverandi formaður Félags íslenskra félagsvísindamanna; fundur 13. febrúar 2018.
32. Páll Halldórsson, fyrrverandi formaður og varaformaður BHM(R) og fyrrverandi formaður og varaformaður FÍN; fundur 9. febrúar 2018.
33. Dr. Ragna Benedikta Garðarsdóttir dósent; fundur 12. febrúar 2018.
34. Dr. Rúnar Vilhjálmsson (RV), prófessor og formaður FRP; fundur 8. nóvember 2017 ásamt KF og ÞM og samtal í síma 5. apríl 2018.
35. Sara Lind Guðbergisdóttir, lögfræðingur hjá kjara- og mannauðssýslu fjármálaráðuneytis; fundur 8. febrúar 2018 ásamt GHG.
36. Sigrún Grendal, formaður Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum; samtal í síma, líklega í aprílbyrjun 2018.
37. Sigríður Björnsdóttir, verkefnastjóri við HÍ og fyrrverandi framkvæmdarstjóri Fh; fundur 24. október 2017 og samtöl í síma.
38. Dr. Stefán Hrafn Jónsson, prófessor í félagsfræði og fyrrverandi fulltrúi í stjórn Fh; fundur 7. febrúar 2018.
39. Stefán Pálsson, fyrrverandi stundakennari; samtal í síma í lok mars 2018.
40. Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness og nú einnig 1. varaforseti ASÍ; samtal í síma 5. mars 2018.
41. Dr. Þórólfur Matthíasson (ÞM), prófessor og fyrrverandi formaður Fh; fundur 8. nóvember 2017 ásamt KF og RV og samtal í síma 30. apríl 2018.
42. Þórunn Sveinbjarnardóttir (ÞS), formaður BHM; fundur 20. febrúar 2018 ásamt EG.

Auk þessara, á fimmta tug, viðmælenda var reynt eða rætt um að ná í á annan tug viðmælenda sem tókst ekki innan þess tímaramma sem verkefninu var settur.

Skýrsluhöfundur færir öllum viðmælendum kærar þakkir fyrir samtölin og öðrum, tilgreindum og ótilgreindum, ekki síst Helgu Birnu Ingimundardóttur, þakklæti fyrir aðstoð við öflun skriflegra heimilda. Þá þakkar höfundur stjórn og framkvæmdarstjóra Fh fyrir biðlund og afar gott samstarf. Sérstakar þakkir fær samstarfsfólk höfundar til margra ára í fyrri starfi hans sem framkvæmdarstjóri BHM – Ásta Möller, Eiríkur Jónsson, Erna Guðmundsdóttir, Gísli Már Gíslason, Helga Birna Ingimundardóttir, Helgi Áss Grétarsson, Jörundur Guðmundsson, Ómar S. Harðarson, Páll Halldórsson, Sigríður Björnsdóttir og Þórólfur Matthíasson – fyrir þeirra framlag við athugun þessa. Loks er höfundur mjög þakklátur Baldvini M. Zariog og Guðmundi I. Guðmundssyni fyrir framúrskarandi prófarkarlestur og hinum fyrrnefnda einnig fyrir aðstoð við birtingu skýrslu þessarar, svo og Írisi Davíðsdóttur fyrir myndræna birtingu á hlutaniðurstöðum (sjá viðauka X). Loks fær formaður Fh, Michael Dal, þakkir fyrir verkstjórnina.

GT 9.1.'19

X. VIÐAUKI – BREYTINGAR FRÁ SJÓNARHÓLI MISMUNANDI HAGSMUNAAÐILA

	Einföld sameining	Óbreytt ástand	Deildarskipt félag
Félagsmenn FH á landsbókasafni	viðunandi	viðunandi	góður
Félagsmenn FH stjórnarsýsla	viðunandi	góður	góður
Aðjúnktar II og nýdóttarar	slæmur	viðunandi	góður
Aðjúnktar I	góður	góður	góður
Félag háskólakennara á Akureyri	viðunandi	viðunandi	góður
Sérfr, fræðimenn, vísindamenn	góður	góður	góður
Lektorar, dósentar	góður	viðunandi	góður
prófessorar	góður	góður	góður
Yfirstjórn Háskólans	góður	góður	góður
Samninganefnd ríkisins	viðunandi	góður	góður
Stundakennarar	slæmur	slæmur	góður